




kjarninn

42. útgáfa – 5. júní 2014 – vika 23



FÁIR EIGA MIKIÐ

Eitt prósent Íslendinga, sem er með hæstu launin,
á tíu prósent af hreinni eign heimilanna.



Auður Jónsdóttir
um útlendinga og
íslenska pólitík



Allir stærstu aug-
lýsendur í heimi
vilja tengjast HM



Viðburðaríkar
kosningar gerðar
upp í hlaðvarpi



UMHVERFISMÁL

Útblástur brennisteinsvetnis er risastór tilraun sem gæti orðið íslensku samfélagi dýr



LÍFSSTÍLL

Ættir þú að vera á sveppum?



KJAFTÆÐI

Konráð Jónssyni líður verst þegar hann reynir að vera hress

Veldi byggt upp á gölluðum regnhlífum

Stofnendur Tiger-keðjunnar eru orðnir milljarðamæringar á því að selja alls kyns ódýrt smádót.

Ótrúleg úrslit kosninga krufin

Heiða Kristín Helgadóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir eru gestir ritstjórnar í kosninga-hlaðvarpi Kjarnans.

Höft einkenna hlutabréfamarkað

Fjárfestar eru farnir að búa sig undir verðlækkun hlutabréfa. Sumir veðja meira að segja á hana.

Pólskt fyrirtæki vill minnka svefn

Intelclinic náði í 400 þúsund dali til að búa til svefngrímu sem orsakar byltingu í svefnmynstri.

Frumskýnum nýjan GLA-Class og C-Class

Laugardaginn 7. júní kl. 12-16 í Öskju, Krókhálsi 11



Nýr GLA-Class



Mercedes-Benz

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur „Mercedes-Benz Ísland“
á Facebook

Suðupottur mannauðs

Kraftmikið nýsköpunarstarf mun skila árangri þótt síðar verði. Var hrunið kannski gott eftir allt saman?

Hrunið markar endalok og nýtt upphaf í senn. Ósjálfbæru neyslufylleríu fólks og fyrirtækja lauk hratt og með skelli. En hagkerfið verður ekki dæmt af því hvernig það féll heldur hvernig það mun rísa. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar en mesta pólitíska friðarskjól sem stjórnvöld hafa fengið til þess að bæta erfiða stöðu er nú fram undan. Ástæðan er sú að þrjú ár eru í næstu kosningar, lengsta samfellda skeið á milli kosninga á sveitarstjórnar- og/eða landsmálastigi frá hruni. Þetta tímabil getur ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknar-flokksins, nýtt til þess að styrkja hagkerfið og opna það upp á gátt fyrir mannauði og fjárfestingu. Umfram allt verður að gefa fólk sjálfstraust til þess að það trúir því að góðar hugmyndir geti orðið að veruleika. Gert gagn.

Læra af því sem aflaga fór

Það er auðvelt að velta sér upp úr neikvæðum afleiðingum hruns bankanna og krónunnar og það er að vissu leyti nauðsynlegt. Sérstaklega að reyna að leggjast yfir stöðuna, safna upplýsingum saman og greina þær svo að hægt sé að fyrirbyggja að sambærileg staða komi upp aftur. Það má ekki gleyma því að neyðarlögin eru einstök í mannkynssögunni. Aldrei fyrr hefur þjóð staðið frammi fyrir efnahagslegu altjóni, eftir að fífldjörf hagstjórn stjórnámálamanna og stjórnenda stærstu fyrirtækja landsins leiddi landið næstum til efnahagslegrar glötunar. Vonandi verður hægt að læra af þessum mörgu og stóru mistökum sem augljóslega voru gerð. Komandi kynslóðir eiga það skilið.

„Aldrei fyrr hefur þjóð staðið frammi fyrir efnahagslegu altjóni.“

Það sem blasir nú við sem helsta verkefnið fram undan er að finna leið út úr haftabúskapnum. Það ömurlega við hann er að hann býr til stéttaskipt samfélag með margvíslegum neikvæðum áhrifum. Enginn ætti að setta sig við slíkt.

Að þessu sinni verður þessi staða ekki gerð að helsta umfjöllunarefni en ég trúi því að ríkisstjórn Íslands sé einbeitt í því að koma landinu úr þessari ömurlegu veröld hafta og hagsmunabaráttu. Það er gott að hún sé að vinna með færum sérfræðingum á þessu sviði en best væri að hafa gagnsæi að leiðarljósi í þeirri vinnu, þar sem almannahagsmunir eru undir.

Jákvæðar hliðar hrunsins

Jákvæðar hliðar hrunsins hafa ekki verið mikið ræddar og kannski ekki að ástæðulausu. Af nægu neikvæðu er að taka. En hinar jákvæðu hliðar eru sýnilegar og birtast ekki síst í kröftugra nýsköpunarumhverfi en hér hefur verið um árabíl. Ástæðan fyrir því held ég að sé mannleg fremur en nokkuð annað. Þegar bankarnir hrundu hætti margt vel menntað og reynslumikið fólk störfum og fór að gera eitthvað annað. Þetta á ekki síst við um tæknimenntað fólk á sviði verkfræði og fleiri raungreina. Þetta fólk hefur síðan látið til sín taka

á öðrum vettvangi en í fjármálageiranum. Dæmi um þetta er fyrirtækið Meniga, sem beinlínis fæddist í þessum aðstæðum. Auk þess hafa fleiri fyrirtæki í örum vexti á undanförunum árum, eins og TM Software og CCP, notið góðs af þessu þar sem hæft fólk hefur gengið til liðs við þessi fyrirtæki. Þorsteinn Friðriksson, forstjóri Plain Vanilla, hefur tjáð sig um það sama; hér á Íslandi séu að mörgu leyti kjöraðstæður til þess að byggja upp fyrirtæki sem hyggist hasla sér völl erlendis. Ekki síst vegna þess hvað mannauðurinn er mikill.

Ég fylgdist með ráðstefnunni Startup Iceland sem fram fór í Hörpu um síðastliðna helgi, en þar lýstu virtir erlendir fyrirlesarar, þar á meðal Bre Pettis, forstjóri þrívíddarteikni-fyrirtækisins MakerBot, Íslandi sem suðupotti fyrir frumkvöðla og nýsköpun. Þeir fyndu fyrir því að þessar aðstæður væru fyrir hendi hér, ekki síst vegna mannauðs og vaxandi

„Jákvæðar hliðar hrunsins hafa ekki verið mikið ræddar.“

skilnings atvinnulífsins á mikilvægi frumkvöðlastarfsemi. Nokkur atriði hafa skipt miklu máli í þessu samhengi eftir hrunið. Endurreistu bankarnir hafa sýnt þessum anga meiri áhuga en fyrir hrun. Ekki síst hefur Startup Reykjavík viðskiptahraðallinn, sem Arion banki og Klak

Innovit hafa leitt, dregið frumkvöðlastarfið fram í skýrara dagsljós og gefið fólki tækifæri til að koma hugmyndum sínum á næsta stig. Á þeim þremur árum sem viðskiptahraðallinn hefur staðið yfir hafa 30 fyrirtæki á frumþroskastigi orðið til, og tugir starfa á ársgrundvelli í kjölfarið. Sum þessara fyrirtækja standa á spennandi tímamótum og eru að sækja sér fé á erlenda markaði. Íslandsbanki og Landsbankinn hafa enn fremur verið að styrkja fjárfestingaumhverfi á sínum vettvangi, sett upp sjóði sem fjárfesta í nýsköpun á ýmsum sviðum og horfa til langs tíma. Þá stigu Samtök atvinnulífsins mikilvægt skref og stofnuðu sérstakan vettvang, Litla Ísland, sem vinnur að framgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Rannsóknir sýna að 70 til 80 prósent fólks á vinnumarkaði vinna hjá þessum fyrirtækjum. Athyglin í fjölmiðlum og umræðu um hagsmunamál atvinnulífsins yfirleitt er ekki í samræmi við þetta.



INGÖNGU SÉRVALIÐ HRÆFNI

NÝTT

PREMIUM

PIZZUR

PRÓFAÐU PREMIUM PIZZURNAR OKKAR, ÞÆR GERA
GÓÐAN MATSEÐIL OKKAR ENN FJÖLBREYTTARI

BRÖNS



MEAT DELIGHT



ELDÓRADÓ



PRIMA



BRÖNS OG PRIMA ERU SAMSETTAR AF HREFNU SÆTRAN



WWW.DOMINOS.IS

DOMINO'S APP

SÍMI 58 12345

Langtímahugsun

Kraftmikið frumkvöðlastarf hefur eina forsendu fyrir velgengni. Það er innbyggð langtímahugsun og þolinmæði. Nýleg ákvörðun ríkisstjórnarinnar, um að styrkja nýsköpunar- og rannsóknarstarf svo um munar, er gott innlegg í frumkvöðlastarf í landinu. En það má ekki falla í þá gryfju að halda að það verði strax hægt að mæla mikinn árangur. Hann sést á lengri tíma. Í frumkvöðlafræðum er þekkt setning sem er svona; Árangur yfir nótt tekur ellefu ár. Stjórnámálamenn, og þeir sem stýra fjárfestingu og fjármagnshreyfingum yfir höfuð, ættu að hafa þetta hugfast þegar frumkvöðla- og nýsköpunarstarfið er að annars vegar.

Mengun sem kostar okkur heilsu og fé

Ýmsir sérfræðingar telja að brennisteinsvetnismengum valdi skaða á heilsufari og kosti samfélagið hundruð milljóna króna vegna tælingar á ári.



Brennisteinsvetnismengun er ekki til umræðu á hverjum degi. Samt telja margir sérfræðingar að losun brennisteinsvetnis út í andrúmsloftið og neikvæð áhrif þess á loftgæði sé eitt stærsta umhverfisvandamál sem höfuðborgarsvæðið glímur við.

Á síðastliðnum áratug hafa Hellisheiðar- og Nesjavallavirkjun, virkjanir Orkuveitu Reykjavíkur sem standa í útjaðri höfuðborgarsvæðisins, samtals losað um 198 þúsund tonn af brennisteinsvetni út í andrúmsloftið.

„Ýmsir sérfræðingar sem hafa rannsakað möguleg áhrif mengunarinnar telja miklar líkur til þess að hún sé samfélaginu afar dýr ...“

Hagsmunaaðila deilir á um langtíma-áhrif af brennisteinsvetnismengun. Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra sagði til að mynda á Alþingi í apríl að lítið væri vitað um áhrif brennisteinsvetnis á heilsufar.

Ýmsir sérfræðingar sem hafa rannsakað möguleg áhrif mengunarinnar telja

miklar líkur til þess að hún sé samfélaginu afar dýr, bæði vegna áhrifa á heilsu fólks og gróður og ekki síður vegna tæringar málma. Þessi kostnaður sé ekki innifalinn í því verði sem rukkað er fyrir orkuna sem verin framleiða. Því sé risavaxin tilraun í gangi sem gæti á endanum verið samfélaginu afar dýr.

Ætluðu að byrja niðurdælingu 2008

Hellisheiðarvirkjun fékk starfsleyfi árið 2006. Hún framleiðir um 300 MW af raforku og er mun stærri en Nesjavallavirkjun, sem framleiðir 120 MW af raforku. Í starfsleyfi Hellisheiðarvirkjunar eru tilgreindir sérstakir áhættuþættir við rekstur virkjunarinnar sem „valdið geta mengun“. Þar er minnst á jarðhitagas en brennisteinsvetni ekki tilgreint sérstaklega. Í þeim hluta starfsleyfisins sem snýr að loftmengun segir: „Takmarka skal loftmengun frá starfseminni eins og kostur er. Þess skal gætt að ryk og hættulegar daunillar eða lyktmiklar lofttegundir valdi ekki óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Komi í ljós vandamál vegna

Umhverfisvottuð hestöfl

Aníta og Gammur eru ánægð með ISO-vottaðar stöðvar N1 sem bjóða upp á jákvæðari orku – VLO-blandaða díselolíu sem minnkar útblástur og eykur endingu vélarinnar.

Það er stórt skref í átt að umhverfisvænni þjónustu.



ÍST ISO 14001

Hjá N1 eru níu þjónustustöðvar og eitt hjólbarðaverkstæði ISO- umhverfisvottaðar starfsstöðvar – og það eru fleiri á leiðinni.



Vetnisblönduð lífræn olía dregur úr útblæstri koltvísýrings. Hún er í boði á flestum af 98 útsölustöðum N1.

Hluti af umhverfinu



lyktarmengunar, skal fyrirtækið leita leiða til að leysa vandaamálið í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Halda skal loftmengun þannig í lágmarki og viðhalda þeim gæðum sem felast í hreinu og ómenguðu lofti.“

Ljóst er að loftmengun, sérstaklega vegna brennisteinsvetnis, hefur ekki verið haldið í lágmarki. Mælingar í næsta nágrenni virkjunarinnar og á höfuðborgarsvæðinu sýna að loftmengunin er oft yfir heilsuverndarmörkum. Sú aðferð sem Orkuveita Reykjavíkur ætlar að nota til að draga úr menguninni, niðurdæling, hefur nefnilega enn ekki komist almennilega í gagnið.



Það kemur á óvart því að í áliti Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna Hverahlíðarvirkjunar, sem átti að rísa í námunda við Hellisheiðarvirkjun, og er dagsett 19. maí 2008 er vikið sérstaklega að brennisteinsvetnismengun. Þar segir að „í kjölfar umsagna og athugasemda við frummatsskýrslur Hverahlíðar- og Bitruvirkjunar hefur Orkuveita Reykjavíkur ákveðið að grípa til aðgerða vegna losunar á brennisteinsvetni frá virkjunum á Hengilssvæðinu ... Hentugast miðað við aðstæður er talið vera að leysa brennisteinsvetni upp í vatni og blanda við skiljuvatn í niðurrennslisholum þar sem þrýstingur er nægjanlegur til að halda gasi á uppleystu formi. Þessi aðferð verður prófuð í tilraunarstöð sem verður komið upp við Hellisheiðarvirkjun og er gert ráð fyrir að hún verði komin í rekstur um mitt ár 2008“. Síðan eru liðin sex ár.

ÁHYGGJUR AF HEILSU BARNNA VEGNA MENGUNAR

Waldorfskólinn í Lækjarbotnum er sú byggð sem er næst Hellisheiðarvirkjun. Þar hefur verið rekið skólastarf í 24 ár og þeir nokkrir tugir nemenda sem þar sækja menntun eru frá tveggja ára og upp í efsta þrep grunnskóla. Hluti starfsmanna skólans, alls þrjár fjölskyldur, búa auk þess í Lækjarbotnum. Heilbrigðiseftirlit Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis hefur frá því í september 2012 verið með færanlega mælistöð í Lækjarbotnum sem mælir loftgæði. Samkvæmt niðurstöðum í skýrslu eftirlitsins, sem var birt í mars síðastliðnum, hefur styrkur brennisteinsvetnis mælst yfir heilsuverndarmörkum fyrir ársmeðaltal. Yfirvöld í Kópavogi hafa nýverið gefið í skyn að starfsleyfi Waldorfskólans og Waldorfleikskólans Yls gæti hugsanlega verið endurskoðað í ljósi þessara upplýsinga með heilsu barna og starfsfólks að leiðarljósi.

Foreldrafélag Waldorfskólans í Lækjarbotnum sendi erindi til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur sem dagsett er 11. apríl síðastliðinn. Þar lýsir félagið yfir áhyggjum sínum af brennisteinsvetnismengun frá Hellisheiðarvirkjun í land Lækjarbotna og biðlar til stjórnar Orkuveitunnar að beita sér fyrir úrbótum án tafar. Í niðurlagi bréfsins, sem Kjarninn hefur undir höndum, segir: „Ef leggja þarf skólastarfsemi niður í Lækjarbotnum vegna mengunar frá virkjunum á vegum Orkuveitunnar yrði það að okkar mati áfellsdómur yfir starfsemi Orkuveitunnar. Slíkur atburður myndi vekja athygli víða.“

Erindið var tekið fyrir á stjórnarfundi Orkuveitunnar 25. apríl síðastliðinn. Í bréfi sem lagt var fram á þeim fundi til upplýsingar vegna erindis foreldrafélagsins segir: „Orkuveita Reykjavíkur leggur kapp á að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 514/2010. Byggingu gasskiljustöðvar við Hellisheiðarvirkjun er lokið og niðurdæling brennisteinsvetnis er að hefjast þessa dagana. Eins og stjórn er kunnugt eru vonir bundnar við að sú hreinsunaraðferð reynist vel og hægt verði að þróa hana til að tryggja að styrkur brennisteinsvetnis frá jarðgufuvirkjunum fari ekki yfir mörk reglugerðar. Að mati undirritaðs er óheppilegt ef Orkuveita Reykjavíkur blandast í

ágreining um framtíð skólareksturs í Lækjarbotnum.“ Málið var til umræðu á Alþingi hinn 10. apríl síðastliðinn. Þar lýsti Ólafur Þór Gunnarsson, þingmaður Vinstri grænna, áhyggjum af mikilli mengun af brennisteinsgufum frá jarðvarmavirkjunum í útjaðri höfuðborgarsvæðisins og spurði Sigurð Inga Jóhannsson umhverfisráðherra hvað hann ætlaði að gera í málinu. Sigurður Ingi svaraði því til að viðmið vegna brennisteinsmengunar væru misjöfn á milli landa og mun strangari á Íslandi en víða annars staðar. Auk þess sagði hann lítið vitað um áhrif brennisteinsvetnis á heilsufar. Málið væri til skoðunar í ráðuneyti hans en ráðherrann gerði ekki grein fyrir því hvort og þá hvernig hann ætlaði að taka á málinu.

Viðmið vegna brennisteinsmengunar eru vissulega misjöfn á milli landa. Á leiðbeinandi tilmælum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) eru þau þrisvar sinnnum hærri en hérlandis. Í BA-ritgerð Sigurðar Björnssonar, sem ber heitið „Heilsuverndarmörk og styrkur brennisteinsvetnis á höfuðborgarsvæðinu“, og skilað var inn við jarðvísinda-deild Háskóla Íslands árið 2013, kemur líka fram að „mengunarmörk á Íslandi og víðar eru mjög nálægt styrk sem talinn er skaðlegur heilsu“.



„Ástæðan fyrir undanþágu-beiðninni er augljós, Hellisheiðar-virkjun stenst ekki nýju mörkin.“

Ekki vitað hvort þetta virkar

Niðurdælingarverkefnið er þróunar- og nýsköpunarverkefni sem miðar að því að draga úr mengun frá Hellisheiðarvirkjun. Í því felst að skilja á brennisteinsvetnið frá gufu og blanda við vinnsluvatn frá virkjuninni áður en því er dælt niður í berggrunn við virkjunina. Samkvæmt Orkuveitunni gefa niðurstöður tilrauna til kynna að það bindist þar berglögum. Rannsóknir vegna þessa verkefnis hafa staðið yfir frá árinu 2007 og Orkuveita Reykjavíkur hefur sagst hafa verið að vinna að verkefninu á fullu alla tíð síðan.

Í byrjun apríl síðastliðins sendi fyrirtækið svo frá sér fréttatilkynningu þar sem sagt var frá því að niðurdæling brennisteinsvetnis væri að fara að hefjast. Um verður að ræða tilraunarekstur hreinsistöðvar sem mun skilja brennisteinsvetni úr gufuútblastri einnar af sex vélum Hellisheiðarvirkjunar. Í tilkynningunni segir: „gangi rekstur stöðvarinnar eins og vænst er, verður hún stækkuð. Slík ákvörðun verður ekki tekin fyrr en að fenginni eins árs rekstrarreynslu. Þess vegna hefur Orkuveitan farið fram á undanþágu á hertum ákvæðum reglugerðar um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti, sem ganga eiga í gildi í sumar.“ Samkvæmt skriflegu svari frá Eiríki Hjálmarssyni, upplýsingafulltrúa Orkuveitunnar, tók lengri tíma en til stóð að byrja að blanda brennisteinsvetninu saman við niðurdælingarvatnið. Fyrsta prófun var því ekki fyrr en 15. maí og stöðug niðurdæling hófst ekki fyrr en í fyrradag, 3. júní. Ástæðan var sú að stilla þurfti betur saman búnað hreinsistöðvar og virkjunar, en Eiríkur segir niðurdælinguna hafa gengið vel fyrsta sólarhringinn sem hún var stöðug.

Ástæðan fyrir undanþágubeiðninni er augljós, Hellisheiðarvirkjun stenst ekki nýju mörkin. Beiðnin liggur inni á borði Sigurðar Inga Jóhannssonar umhverfisráðherra. Samkvæmt upplýsingum frá Bergþóru Njálu Guðmundsdóttur, upplýsinga-fulltrúa ráðuneytisins, hefur hann enn ekki tekið ákvörðun um hvort undanþágan verði veitt. Það þarf þó að gerast bráðlega því hin hertu ákvæði taka gildi um næstu mánaðamót.

Einsog alltaf er með tilraunaverkefni liggur auðvitað ekkert fyrir um hver niðurstaðan verður.



 **BAUERFEIND®**

Viðurkenndar stuðningshlífir

- Virkur stuðningur
- Vandaður vefnaður
- Góð öndun
- Einstök hönnun
- Fjölbreytt úrval

*Fagleg ráðgjöf sjúkrapjálfa.
Tímápanir*





Niðurdæling

Orkuveita Reykjavíkur hóf niðurdælingu á brennisteinsvetni í þessari viku. Upphaflega átti hún að hefjast árið 2008.

Heilsufarslegur og fjárhagslegur kostnaður

Þeir sem hafa gagnrýnt losunina og framgöngu Orkuveitunnar í málinu hafa bent á að hægt hafi verið að kaupa hreinsunarbúnað sem sannað hefur notagildi sitt og nær að takmarka útblástur brennisteinsvetnis nánast að fullu. Slíkur búnaður var hins vegar ekki keyptur þegar virkjanir Orkuveitunnar voru reistar.

Gagnrýnendur segja að þessum kostnaði, sem Orkuveitan hefði átt að sitja uppi með, sé velt yfir á samfélagið. Hann sé verulegur út frá heilsufarslegu sjónarmiði. Þessi skoðun kom meðal annars fram í grein Jóns Örvars G. Jónssonar umhverfisfræðings sem birtist í Fréttablaðinu 23. maí síðastliðinn. Börn Jóns Örvars ganga í skóla í Lækjarbotni, sem fjallað er um sérstaklega í þessari úttekt.



Hugsandi fólk og allar hliðar málsins

HHS – grunnnám í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Í HHS er tekist á við flókin úrlausnarefni nútímasamfélags sem hafa heimspekilega, hagfræðilega og pólitíska þýðingu. Námið er dýrmætur undirbúningur fyrir stjórnmála-þátttöku, störf á sviði fjölmiðla, í opinberri stjórnsýslu og við almannatengsl.

Nánari upplýsingar

www.nam.bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Hún kom líka mjög skýrt fram í erindi sem María Maack, doktorsnemi í vithagfræði, flutti á ráðstefnu FUMÍ um brennisteinsvetni 25. september í fyrra.

Yfirskrift erindisins var „Áætlaður úthrífskostnaður brennisteins“, en úthríf er sá kostnaður sem ekki er rukkað fyrir í verði vöru eða þjónustu, en lendir á samfélaginu í heild sinni, annaðhvort núlifandi meðlimum þess eða komandi kynslóðum.

Í erindi sínu rekur María möguleg heilsufarsleg, gróðurfarsleg og fjárhagsleg áhrif brennisteinsvetnis. Sýnt hefur verið fram á að rýrnun loftgæða vegna útblásturs brennisteinsvetnis geti valdið öndunarfærakvillum á borð við astma og vísbendingar eru sagðar um að það geti í litlum skömmtum haft áhrif á taugakerfi manna. Langtímaáhrif útblástursins hafa þó ekki verið rannsókuð nægilega mikið og því liggur ekki fyrir hvort þau eru mjög skaðleg eða ekki.

Í erindi Maríu eru færð rök fyrir því að útblásturinn geti líka valdið samfélaginu töluverðum fjárhagslegum skaða. Þannig ryðgi bárujárn hraðar, ýmis raftæki bili oftar, möstur endist skemur og svo framvegis. Þá telja hljóðmenn að brennisteinsmengun orsaki mjög hraða tæringu á efnum á borð við kopar og silfur. Mbl.is fjallaði ítarlega um það mál fyrir um ári. María setti upp kostnaðar- og ábatagreiningu þar sem ábatinn var þau úthríf sem komist væri hjá ef virkjanirnar hefðu sett upp hreinsunarbúnað sem kostaði 2,2 milljarða króna strax í upphafi og afskrifað hann á 50 árum. Hún komst að þeirri niðurstöðu, miðað við gefnar forsendur, að það myndi borga sig upp á innan við tíu árum að hafa sett upp búnaðinn til að hreinsa brennisteinsvetnið frá. Sé sú niðurstaða rétt er fjárhagslegur samfélagslegur kostnaður af því að hreinsunarbúnaður var ekki settur upp nokkur hundruð milljónir króna á ári.

Blikur á lofti á markaði í höftum

Hlutabréfamarkaðurinn er farinn að einkennast af fjármagnshöftum, segja viðmælendur Kjarnans. Fjárfestar búa sig undir verðlækkun hlutabréfa.



Hlutabréfamarkaðurinn er farinn að mótast verulega af fjármagnshöftum og þeirri staðreynd að kostir á fjármálamarkaði eru fáir. Velta með hlutabréf dróst verulega saman milli mánaða sé mið tekið af tölum sem Nasdaq OMX tók saman í mánaðarlegu yfirliti sínu fyrir kauphallir á Norðurlöndunum og Eyrstrasaltsríkjunum. Í maímánuði nam velta með hlutabréf í kauphöllinni hér á landi 22,3 milljörðum, sem er 34 prósentum minni velta en var í aprílmánuði og 42 prósentum minni velta en í sama mánuði í fyrra.

Minni velta en vaxandi markaðsvirði


Þrátt fyrir að velta hafi verið töluvert minni í viðskiptum með hlutabréf hefur markaðsvirði félaga í kauphöllinni haldið áfram að hækka undanfarið ár. Markaðsvirði þeirra 18 félaga sem eru með skráð hlutabréf í kauphöllinni, bæði á Aðalmarkaði og á First North, nemur nú 593 milljörðum króna, eða sem nemur tæplega þriðjungi af árlegri landsframleiðslu Íslands. Á sama tíma í fyrra nam markaðsvirði skráðra félaga 473 milljörðum og hefur markaðsvirði skráðra félaga því aukist um 120 milljarða á einu ári. Munar þar ekki síst um skráningu Granda, en við-

„Vaxtarmöguleikar eru litlir sem engir en stöðugur rekstur sem skilar hluthöfum arði er fyrir hendi.“

skipti með hlutabréf félagsins hófust 25. apríl síðastliðinn. Sú skráning hefur reyndar dregið dilk á eftir sér og hefur Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, harðlega gagnrýnt hvernig að skráningunni var staðið, þar sem fólks kaupatilboð voru sett inn þegar félagið var skráð. Við þau var ekki staðið þegar á hólminn var komið og nam umfang þessara fólksu viðskipta 5,7 prósentum af heildarhlutafé. Margir hluthafar urðu reiðir yfir þessu og hafa kvartanir vegna þessa borist til Kauphallarinnar og FME. Páll sagði í samtali við Stöð 2, sem fjallaði ítarlega um málið, að full ástæða væri til þess að kanna hvort lög hefðu verið brotin með þessu.

Er heimsmyndin í molum?

Á verkstæði Macland færðu nýjan skjá og línurnar skýrast.



BANKARNIR SKIPTA MARKAÐINUM AÐ MILLI SÍN AÐ MESTU

Á Aðalmarkaði Kauphallarinnar var Arion banki með mestu hlutdeildina í maímánuði, eða 27,8% (29,6% á árinu), Íslandsbanki með 24,0% (19,9% á árinu), og Landsbankinn með 18,6% (23,4% á árinu).

Viðskipti með skuldabréf námu 92 milljörðum í maí, sem samsvarar 4,6 milljarða veltu á dag. Þetta er 2% lækkun frá fyrri mánuði (viðskipti í apríl námu 4,7 milljörðum á dag), og 54% lækkun á milli ára (viðskipti í maí 2013 námu 9,9 milljörðum á dag).

Alls námu viðskipti með ríkisbréf 71,9 milljörðum en viðskipti með íbúðabréf námu 17,8 milljörðum,

að því er segir í yfirliti Kauphallarinnar. Mest voru viðskipti með RIKB 19 0226, 17,9 milljarðar, RIKS 21 0414, 12,1 milljarður, RIKB 22 1026, 11,2 milljarðar, HFF150224, 10,3 milljarðar, og RIKB 20 0205, 9,7 milljarðar.

Á skuldabréfamarkaði var Landsbankinn með mestu hlutdeildina 27,2% (21,5% á árinu), Íslandsbanki með 19,2% (18,5% á árinu) og MP banki með 17,4% (20,0% á árinu).

Nýr hlutabréfamarkaður að mótast

Eftir hið ævintýralega hrun hlutabréfamarkaðarins haustið 2008, þegar hann féll nær allur saman samhliða falli Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, hefur orðið til nýr hlutabréfamarkaður þar sem gjörólíkar áherslur heldur en fyrir hrun einkenna rekstur. Þá var aðgengi að fjármagni gott og mikill þrýstingur frá fjárfestum á vöxt félaga og stækkun efnahagsreiknings, ekki síst með skuldsettum yfirtökum. Nú er öldin önnur. Tryggingafélögin TM, VÍS og Sjóvá hafa til dæmis litla sem enga vaxtarmöguleika hér á landi nema með því að stækka markaðshlutdeild á kostnað hlutdeildar samkeppnisaðila. Reyndin hefur verið sú að veigalitlar breytingar hafa orðið á hlutdeild félaganna. Reksturinn er í traustum skorðum og er áhersla fremur á arðgreiðslur til hluthafa. Það sama má segja um N1 og Haga. Vaxtarmöguleikar eru litlir sem engir en stöðugur rekstur sem skilar hluthöfum arði er fyrir hendi.

Gríðarleg ávöxtun í skjóli fjármagnshafta

Frá hruni hefur markaðsvirði skráðra félaga aukist mikið, margfaldast raunar í sumum tilvikum. Þannig var skráningargengi fyrsta félagsins á markað eftir hrunið, Haga, 13,5 við skráningu á markað en er nú 45,5. Það sama má segja um Icelandair, sem var endurskráð á markað á genginu 2,5 eftir hrunið en gengi félagsins í kauphöllinni

nú er 17,7. Viðmælendur Kjarnans á fjármálamarkaði eru á einu máli um að fjármagnshöftin hafi haft mikil áhrif á markaðinn til þess að byrja með, þar sem mikill þrýstingur hafi verið á skráningar félaga með góðan rekstrargrundvöll eftir hrúnið, ekki síst til að mæta fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna á markaðnum. Þetta hafi leitt til mikillar hækkunar bréfa þegar markaðurinn var að spyrna sér frá botninum. Í hverjum mánuði þurfa lífeyrissjóðirnir að fjárfesta fyrir 12 til 13 milljarða króna til þess ávaxta fé sjóðfélaga og því skiptir máli að fjárfestingarkostir séu til staðar. Þrýstingurinn á fjárfestingarmöguleika í kauphöllinni var ekki síst úr þessari átt, enda lífeyrissjóðirnir langsamlega umsvifamestu fjárfestar á markaði, heilt á litið.



Blikur á lofti

Eftir miklar hækkanir á gengi hlutabréfa hefur hægt á þessum miklu hækkunum og markaðurinn sýnt eðlilegri verðmyndun, þó að sveiflur í veltu hafi verið mun meiri en á öðrum mörkuðum á Norðurlöndunum eða víðar. Ástæðan er ekki síst sú að markaðurinn á Íslandi er dvergvoxinn í næstum öllum samanburði og býr ekki við alþjóðlegar fjármagnshreyfingar milli landa, en félög sem skrá sig á markað erlendis gera það ekki síst til þess að ná til alþjóðlegra fjárfesta og tengjast nýjum mörkuðum.

Eftir því sem ströng fjármagnshöft verða lengur, þeim mun erfiðara verður fyrir fjárfesta að átta sig á verðlagningu á markaðnum, hvort sem um hluta- eða skuldabréf er að ræða. Viðmælendur Kjarnans á fjármálamarkaði sögðu höftin vera farin að hafa veruleg áhrif á markaði, fé leitaði inn á fasteignamarkað í meiri mæli en í eðlilegu árferði og veruleg hætta væri á verðbólgu. Þá er farið að bera á því að fjárfestar séu að taka skortstöðu gegn félögum á markaði þar sem veðjað er á lækkun á gengi bréfa, t.d. samhliða rýmkun fjármagnshafta. Þrátt fyrir að ekki liggi fyrir enn hvenær fjármagnshöft verða rýmkuð eða afnumin eru fjárfestar, í litlum mæli þó, farnir að horfa til þess að eignaverð gæti lækkað þegar opnað verður fyrir nýjar leiðir til fjárfestinga úr landinu. Greiningar frá sérfræðingum greiningardeilda bankanna hafa þó ekki gefið til kynna að félögin séu yfirverðlögð, nema í undantekningartilvikum þar sem sú ráðgjöf er veitt að selja bréfin. Rekstrarkennitölur þykja ekki benda til yfirverðlagningar að mati sérfræðinganna. En það er með rekstrarkennitölurnar eins og verðlagningu á vörum almennt innan strangra fjármagnshafta; það er erfitt að greina hvað er rétt og rangt.

SENNHEISER

UPPLIFÐU ALVÖRU GÆÐI

PFAFF



DW Office
þráðlaust heyrnartól

- hljómgæði - hljóðvernd - hönnun og þægindi.
- Drægni 55 metrar innan skrifstofu - 180 í beinni línu

Verð frá 47.900 kr.

SÍMSTÖÐ SL1100 FRÁ NEC



Einföld og öflug símstöð fyrir allt að 72 notendur og 36 bæjarlinur.
Verð 114.900 Kr.

SENNHEISER HEYRNARTÓL FYRIR ÞJÓNUSTUVER OG SKRIFSTOFUR



SC heyrnartól
Verð frá 9.995 kr.



SH heyrnartól
Verð frá 15.900 kr.



CC heyrnartól
Verð frá 26.900 kr.

Nánari upplýsingar: simamal@pfaff.is

PFAFF - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS

NEC **SENNHEISER**

TOPP 5 Eftirminnilegustu borgarstjórnarnir

Margir kynlegir kvistir í ráðhúsinu

Allt stefnir í að Dagur B. Eggertsson verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur, en honum er mikið í mun að gengið verði frá meirihlutasamstarfi Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, VG og Pírata áður en HM í fótbolta hefst í Brasilíu hinn 12. júní næstkomandi. Dagur hefur reynslu af því að vera borgarstjóri, eða hefur að minnsta kosti fengið smjörþefinn af því, en hann var borgarstjóri í rúma þrjá mánuði á árunum 2007 til 2008. Í tilefni af fyrirhuguðum borgarstjóraskiptum í Reykjavík rifjar Kjarninn upp fimm eftirminnilegustu borgarstjórnanna í höfuðborginni. **ÆPE**



5 Þórołfur Árnason

Eftir að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir valdi að bjóða sig fram til þingmennsku, eftir að hafa verið stillt upp við vegg af samstarfsflokkunum í R-listanum, var Þórołfur Árnason skipaður borgarstjóri í Reykjavík 1. febrúar 2003. Þórołfur þótti standa sig ágætlega í starfi, þótt litlaus hafi verið.

Hans verður þó helst minnst fyrir að vera fyrsti borgarstjórinn sem sagði af sér, eftir að upp komst um aðild hans að stóra olíusamráðsmálinu á meðan hann vann hjá Olíufélaginu. Þórołfur sagði af sér 30. nóvember 2004.



4 Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Villi var borgarstjóri í sextán mánuði á árunum 2006 til 2007, í valdatíð meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Þá varð hann formaður borgarráðs þegar Sjálfstæðisflokkur og F-listinn mynduðu meirihluta. Vilhjálmur verður helst minnst fyrir REI-ævintýrið, þar sem hann var ýmist ósannsögull eða sem þorskur á

þurru landi. REI-bíóið varð einmitt til þess að meirihlutasamstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Reykjavík sprakk í loft upp og Villi einangraðist í borgarstjórnarflokknum. Svo mjög að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokks sögðust til í hvað sem er án gamla góða Villa.

3 Ólafur F. Magnússon

Án efa er Ólafur F. Magnússon einn skrautlegasti borgarstjóri Reykvíkinga fyrr og síðar. Eftir að meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sprakk í kjölfar REI málsins komst Ólafur allt í einu í kjöraðstöðu og varð borgarstjóri öllum að óvörum. Hans verður helst minnst fyrir sýklafælni, einn vandræðalegasta blaðamannafund á síðari árum, meint geðheilsuleysi og persónulegar lýðskrumskrossferðir í andstöðu við samstarfsflokkinn, sem varð auðvitað til þess að honum var sparkað.





2 Davíð Oddsson

Ráðhús Reykjavíkur og Perlan eru mannvirki sem byggð voru í tíð Davíðs Oddssonar, þáverandi borgarstjóra. Hann gegndi stöðu borgarstjóra árin 1982 til 1991 og er án efa einn af eftirminnilegustu borgarstjórum Reykjavíkur. Hann var fyrsti hægrisinnaði

borgarstjórinn sem byggði veitingahús sem snýr kvöldverðargestum í hring á kostnað skattborgaranna, Grafarvogurinn myndaðist og byggðist upp í tíð hans og Kringlan blómstraði. Athafnasamur borgarstjóri sem átti eftir að gera alls konar hluti.

SMASSSALAT



PANTA & SÆKJA

5 78 78 74

SAFFRAN



1 Jón Gnarr

Besti flokkurinn hans kom, sá og sigraði í sveitarstjórnarkosningunum 2010. Gamli fjórflokkurinn vissi þá ekki sitt rjúkandi ráð um hvernig ætti að tækla Jón Gnarr, sem jós út kosningaloforðum sem hann tilkynnti jafnóðum að hann ætlaði ekki að standa við. Hans verður helst minnst sem borgarstjórans sem óx hvað mest í starfi. Í fyrstu kom hann fyrir eins og álfur út úr

hól, en honum óx fiskur um hrygg þegar á leið og hann nýtti stöðu sína sem borgarstjóri til að berjast fyrir mannréttindum á ýmsum vígstöðum. Jón virtist aldrei almennilega ná tökum á starfinu en það sem er kannski hvað eftirminnilegast við hann er að það virtist ekki skipta íbúa höfuðborgarinnar neinu máli.

Efsta prósentíð á tíu prósent eigna

Það eina prósent Íslendinga sem er með hæstu launin á tæplega 200 milljarða í hreinni eign. Tæpur helmingur er í innstæðum.



Það eina prósent landsmanna sem var með hæstu heildartekjurnar á árinu 2012 áttu samtals 229,5 milljarða króna. Hópurinn skuldaði 37,4 milljarða króna og því var hrein eign hans 192,1 milljarður króna. Alls var hrein eign landsmanna allra, eignir að fráðregnum skuldum, 2.075,5 milljarðar króna í lok árs 2012 og því átti efsta eina prósentíð tæplega tíu prósent af hreinni eign landsmanna.

Þetta eina prósent á líka langmest af reiðufé. Alls á það 86,3 milljarða króna í innlendum innstæðum, eða 19 prósent allra slíkra, og 5,6 milljarða króna í uppgefnum erlendum innistæðum, eða 64 prósent allra erlendra innstæðna sem Íslendingar skrá í skattframtalin sín.

Í fyrsta sinn sem svona upplýsingar eru aðgengilegar

Þetta kemur fram í skattatölfræði Ríkisskattstjóra þar sem eignum heimila í landinu er skipt niður eftir tekjuhópum. Upplýsingarnar byggja á skattaframtölum einstaklinga og samskattaðra (sambýlisfólks eða hjóna) og miða við stöðu gagna strax að loknum framtalsskilum vegna ársins 2012. Að baki tölunum eru um 246.600 manns. Þær voru nýverið birtar á heimasíðu Ríkisskattstjóra.

Um er að ræða nýjustu tölur sem hægt er að nálgast sem byggja á skattframtölum. Í skjalinum sem embætti ríkisskattstjóra birti fyrir skemmstu er í fyrsta sinn hægt að sjá hvað hvert prósent landsmanna á og skuldar. Áður var einungis hægt að sjá þær niðurstöður í fimm prósentu hlutfallsbilum. Því er þetta í fyrsta sinn sem hægt er að segja til um eign þess prósents landsmanna sem er með hæstu launin.

Dregið úr ójöfnuði frá hámarki góðærisins

Landsmenn áttu alls eignir upp á 3.860,5 milljarða króna í lok ársins 2012. Þær höfðu aukist töluvert á milli ára, en voru 3.466 milljarðar króna í lok ársins á undan. Aukningin nemur alls 394,5 milljörðum króna, eða 11,4 prósentum. Skuldir lækkuðu að sama skapi umtalsvert, að öllum líkindum vegna sértækra skuldaúrræða og dóma vegna ólöglegra lána. Í

„Því á það eina prósent sem er með hæstu launin jafn mikið í hreinni eign og þau 17 prósent sem fá minnst í budduna um hver mánaðamót.“



Eignir og skuldir Íslendinga

Samkvæmt staðtölum skatta sem birtast á heimasíðu Ríkisskattstjóra

ALLIR LANDSMENN

Þau fimm prósent landsmanna sem eru með hæstu launin eiga 580 milljarða króna. Það eina prósent sem er með hæstu launin á samtals 229,5 milljarða króna.

ALLAR TEKJUR



Einstaklingar og samskattaðir áttu eignir upp á 3.860,5 milljarða

Skuldir þeirra voru samtals 1.785 milljarðar króna

Hrein eign þeirra var 2.075 milljarðar króna

Heildarupphæð útgreiddra barnabóta var 9,8 milljarðar króna. Þær skiptust jafnt milli samskattaðra og einstaklinga.




Þjóðin átti ökutæki sem metin voru á 180,3 milljarða króna. Hópur 10% hæst launuðu átti ökutæki fyrir 39,7 milljarða króna, eða 22 prósent af heildarvirði allra ökutækja.



Tæplega 70 prósent af heildar-eignum íslenskra heimila eru fasteignir. Virði þeirra hækkaði um 430,5 milljarða króna á milli ára.



Íslendingar fengu tæplega 8,5 milljarða króna í vaxtabætur. Um 4,6 milljarðar fóru til sambýlisfólks en 3,9 milljarðar til einstaklinga.



Eignir 5% launahæstu Íslendinganna

árslok 2011 námu þær 1.878 milljörðum króna en voru 1.785 milljarðar króna ári síðar. Það er lækkun upp á 93 milljarða króna. Vert er að ítreka að þessi eignarstaða Íslendinga var tilkomin ári rúmu ári áður en sitjandi ríkisstjórn lögfesti skuldaniðurfellingarpakka sinn upp á 80 milljarða króna.

Þegar farið er lengra aftur í tímann sést að heildareignir íslenskra heimila hafa aukist hratt. Það hafa skuldir þeirra reyndar líka gert. Árið 2002 námu heildareignir þeirra 1.406 milljörðum króna eða 2.006 milljörðum krónum minna en þær gerðu í lok árs 2012. Skuldir þeirra námu þá 1.412 milljörðum króna og því var eignastaða heimilanna í heild neikvæð á þeim tímapunkti. Þau fimm prósent sem höfðu mestu tekjurnar árið 2002 áttu þá um 14 prósent allra eigna.

Góðærisárið 2007 var staðan gjörbreytt. Eignir voru samtals 2.829 milljarðar króna og fimm prósentin sem höfðu það best áttu 18,2 prósent þeirra. Skuldir höfðu auk þess lækkað samkvæmt skattframtalinu og voru 1.113 milljarðar króna. Hrein eign á þessum tímapunkti var því á við eina landsframleiðslu dagsins í dag. Þessi eign reyndist síðan auðvitað tómft loft.

Því hefur dregið úr ójöfnuði frá hámarki góðærisins ef marka má tölurnar. Árið 2011 áttu efstu fimm prósentin tæplega 17 prósent allra eigna og árið 2012 um 15 prósent.


2.500 eiga jafn mikið og 42 þúsund


Í árslok 2012 áttu þau 17 prósent heimila sem voru með lægstu heildartekjurnar hreina eign upp á 192,7 milljarða króna. Því á það eina prósent sem er með hæstu launin jafn mikið í hreinni eign og þau 17 prósent sem fá minnst í budduna um hver mánaðamót. Þegar þessi hlutföll eru yfirfærð á fjölda á sá eins prósents hluti þjóðarinnar með hæstu launin, tæplega 2.500 manns, jafn mikið í hreinni eign og þeir 42 þúsund Íslendingar sem eru með lægsta launin.

Eins og áður sagði skulduðu íslensk heimili 1.785 milljarða króna í lok árs 2012. Ef landsmönnum er skipt upp í tvennt eftir tekjum kemur í ljós að sá hluti þjóðarinnar sem er með hærri tekjur skuldaði 66 prósent þeirra en sá hluti sem var með lægri tekjur 34 prósent.

Urðu auðkýfingar á ódýru smádóti

Saga TIGER-verslanakeðjunnar er lygasögu líkust en þó dagsönn. Stofnendur keðjunnar eru orðnir milljarðamæringar á örfáum árum með því að selja alls kyns ódýrt smádót. Galllaðar regnhlífir voru kveikjan að viðskiptaveldinu.





unglingsárunum var fátt sem benti til að Lennart Lajboschitz, sem er af gyðingaættum, yrði síðar það sem kalla má viðskiptajöfur og í hópi ríkustu manna Danmerkur. Hann ólst upp á Amager í Kaupmannahöfn við takmörkuð efni, faðirinn rak litla heildsölu, móðirin heimavinnandi. Lennart rétt slefaði í gegnum grunnskólapróf og eftir að hafa farið krókaleiðir gegnum framhaldsskólann var lokaeinkunnin svo lág að leiðir til frekara framhaldsnáms voru nær allar lokaðar. Það var því brauðstritið sem við blasti og Lennart vann næstu árin við hreingerningar, sem aðstoðarmaður í skóla, á frístundaheimili og margt margt fleira. Allt fremur illa launuð störf og ekki til framtíðar. En eitt kunni Lennart; hann var lunkinn borðtennis-spilari og þótti laginn þjálfari. En launin voru lág. Hinn 1. maí 1985 var Lennart í Fælledparken í Kaupmannahöfn og safnaði flöskum (þetta var fyrir daga dósanna), ásamt félaga sínum. Ágóðann ætlaðu þeir að nota til að komast á borðtennismót í Hollandi. Þarna í Fælledparken hitti Lennart ungan kennara-nema, Suzanne. Þau fundu strax að hjörtu þeirra slógu í takt, og takturinn sá hefur haldist allar götur síðan.

Gallaðar regnhlífir lögðu grunninn

Suzanne komst að því að tengdafaðirinn, heildsalinn, sat uppi með mörg hundruð gallaðar regnhlífir, sem hann tímdi þó ekki að henda. Ungu parið fékk regnhlífarnar, gerði við þær og seldi á útimarkaði um hverja helgi allt sumarið og

líka á Hróarskelduhátíðinni. „Rífandi business,“ sagði Lennart síðar. Ágóðinn af regnhlífasölunni var svo notaður í langt ferðalag til Kína. Þegar þau komu aftur heim fóru þau sjálf að flytja inn regnhlífir og sölglæraugu og seldu á mörkuðum víða um land. Þessu héldu þau áfram um skeið. Svo kom að því að þeim þótti nóg komið af flökkulífínu, voru komin með tvö börn og

**„Unga parið fékk regn-
hlífarnar, gerði við þær og
seldi á útimarkaði um hverja
helgi allt sumarið og líka á
Hróarskelduhátíðinni.“**

ákváðu að opna verslun á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn, þar sem þau bjuggu. Þetta var árið 1988.

Verslunina nefndu þau Zebra og þar átti fyrst og fremst að selja gamla vörulagera úr ýmsum áttum, og auðvitað regnhlífar! Ekki var miklu kostað til í auglýsingar vegna opunarinnar, nær einungis auglýst í hverfisblaðinu. Margir ráku þó augun í að í auglýsingunni stóð að fyrsta daginn yrðu regnhlífar seldar á eina krónu stykkið meðan birgðirnar entust. Þegar leið að því að klukkan yrði tíu, þegar átti að opna, var komin löng röð við dyrnar. Lennart og Sus (eins og Suzanne er ætíð kölluð) buðu öllum í röðinni upp á rjómakaffi og köku með. Regnhlífarnar seldust upp á fyrsta klukkutímanum og nú vissu allir í hverfinu af þessu öðlingsfólki (eins og Amagerblaðið kallaði hjónin) og stóru dagblöðin sögðu líka frá þessari búð á Íslandsbryggju, og rjómakaffinu. Þarna væri allt ódýrt og í versluninni kenndi margra grasa.



Allt á tíkall

Reksturinn á Zebra gekk vel án þess þó að vera stórgróða-fyrirtæki. Sumarið 1995 komust hjónin yfir mjög mikið af alls kyns vörum, svo mikið að það komst engan veginn fyrir í búðinni á Íslandsbryggju.

Frændi Sus átti rúmgott verslunarpláss við Gothersgade í miðborg Kaupmannahafnar og þar var opnaður lagermarkaður undir nafni Zebra. Þarna ægði öllu saman, allar vorur í ódýrari kantinum en verðið þó misjafnt.

Daginn sem þessi markaður var opnaður fóru þau Lennart og Sus í sumarfrí, frænka Sus sá um markaðinn. Áður en dagurinn var liðinn var frænkan búin að hringja tíu sinnum til að spyrja hvað eitthvað ætti að kosta og kvartaði yfir að hlutirnir væru illa verðmerktir. Á endanum sagði Lennart setninguna sem átti eftir að verða afdrifarík.

„Láttu bara alla hluti kosta tíu krónur.“ Nokkrum dögum síðar hringdi frænkan og sagði að allar vörurnar væru að verða búnar og þegar Lennart og Sus komu heim úr fríinu var frænkan búin að loka, og búðin galtóm.

Af hverju TIGER?

Þarna fékk Lennart hugmyndina að því sem svo varð TIGER. Þau hjónin ákváðu að breyta Zebra-versluninni á Íslandsbryggju og byggja á hugmyndinni um að láta hlutina kosta tíu krónur. Þau ákváðu líka að breyta um nafn á búðinni og fjölskyldan velti fyrir sér nöfnum. Yfir kvöldmatnum sagði dóttirin: „Sko, gamla búðin heitir Zebra, mér finnst að nýja búðin eigi að heita Tiger.“ „Af hverju Tiger?“ spurðu foreldrarnir. „Bara, svo rímar það líka við tier (tíkall) eins og þið ætlið að láta allt kosta,“ svaraði barnið. Þar með var nafnið fundið. Þetta var eins og áður sagði árið 1995.

Til að gera langa sögu stutta hitti hugmyndin að selja allt á tíkall beint í mark. Eftir nokkur ár var ákvörðunin um gömlu afgangslagerana fljótlega lögð til hliðar og hjónin ferðuðust um allar trissur til að finna ódýrar vorur. Af slíkum varningi var nóg í boði og TIGER boltinn var fyrir alvöru byrjaður að rúlla. Lennart sagði nýlega frá því í blaðaviðtali

að þegar til stóð að opna fyrstu verslunina á Jótlandi hefði ekki unnist tími til að auglýsa eftir fólki, hann hefði sjálfur staðið á götunni og spurt fólk hvort það vantaði ekki vinnu og ef það svaraði játandi var það ráðið á staðnum! Árið 2000 voru TIGER-verslanirnar í Danmörku orðnar 40 og 2001 var fyrsta verslunin utan danskra landsteina opnuð, einmitt í Reykjavík. Í dag eru verslanirnar á fjórða hundrað í 20 löndum, þar af 65 í heimalandinu Danmörku.



TIGER í Japan

Hinn 21. júlí árið 2012 var fyrsta TIGER-verslunin í Japan opnuð, í borginni Osaka. Í blaðaviðtali sagði Lennart Lajboschitz frá því að hann hefði aldrei orðið vitni að öðru eins. Starfsfólk sex japanskra sjónvarpsstöðva kom til Danmerkur til að kynna sér fyrirtækið og þær sýndu allar beint frá því þegar verslunin var opnuð. Þá biðu mörg hundruð manns í röð fyrir utan, sumir höfðu ferðast með lest klukkustundum saman til að komast í búðina á fyrsta degi. Eftir tvo daga var allt uppselt og versluninni var lokað í nokkra daga, á meðan beðið var eftir nýjum vörum. Síðan hafa fleiri TIGER-verslanir verið opnaðar í Japan og þeim fjölgar stöðugt. Til marks um vinsældirnar má nefna að í japönsku TIGER-búðunum eru 16 afgreiðslukassar, sem veitir ekki af, segir Lennart.

TIGER-hjónin metin á milljarða danskra króna

Langmest af þeim vörum sem seldar eru í TIGER er sérframleitt fyrir fyrirtækið, að undanskildum nokkrum vörutegundum svo sem sælgæti og kvikmynda- og tónlistardiskum. Það er eiginkonan Sus sem velur vörurnar og hún hefur nóg á sinni könnu, því í hverjum mánuði skoðar hún, og tveir aðrir starfsmenn, um það bil 1.000 hluti en 300 þeirra eru að jafnaði teknir til sölu. Eigin hönnun verður líka sífellt fyrirferðarmeiri. „Þannig ráðum við meiru um það að hlutirnir séu eins og við viljum hafa þá,“ sagði Sus við blaðamann dagblaðsins Berlingske, en annars talar hún sjaldan við fréttar- eða blaðamenn.

Fyrir tæpum tveimur árum seldu þau Lennart og Sus 70% fyrirtækisins til fjárfestingarsjóðsins EQT. Sá hlutur jafngildir um það bil 35 milljörðum íslenskra króna, en 30%

„Fólkið sem byrjaði með tvær hendur tómar (eða réttara sagt með fangið fullt af regnhlífum) á sem sagt sem samsvarar 70 milljörðum íslenskra króna.“

eignarhluturinn og móðurfyrirtækið Zebra leggur sig á annað eins. Fólkið sem byrjaði með tvær hendur tómar (eða réttara sagt með fangið fullt af regnhlífum) á sem sagt sem samsvarar 70 milljörðum íslenskra króna. Jafnframt því að selja hlutinn hætti Lennart sem framkvæmdastjóri en starfar áfram sem

hugmynda- og þróunarstjóri. Sus heldur sínu striki og velur vörurnar eins og hún hefur gert frá byrjun. Þau mæta í vinnuna á kontórinum við Ráðhústorgið í Kaupmannahöfn á hverjum morgni eins og ætíð.

Lennart segir að fyrirtækið sé með margt á þrjónunum, verslununum muni halda áfram að fjölga og ótal aðrar hugmyndir séu í undirbúningi.

Sjálfur ætlar hann ásamt Sus á Hróarskelduhátíðina í sumar (enda bara 54 ára) en að þessu sinni ætla þau ekki að selja regnhlífar, heldur sólhatta!

Þá má að lokum geta þess að undanfarna daga, meðan unnið var að þessari grein, hafa verið opnaðar þrjár eða fjórar nýjar TIGER-verslanir í jafn mörgum löndum.

kjarninn 5. júní 2014

Fá mál komust á dagskrá


Mosku-málið hafði afgerandi áhrif á kosningabaráttuna á síðustu metrunum



Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sem nú lýkur ferli sínum sem borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn, og Heiða Kristín Helgadóttir, formaður Bjartrar framtíðar, eru gestir Kjarnaofsins að þessu sinni, en þar eru úrslit sveitastjórnarkosninganna til umræðu. Þær segja fá mál hafa komist á dagskrá og að Mosku-mál Framsóknarflokksins hafi haft afgerandi áhrif á hvernig kosningabaráttan í borginni þróadist á síðustu metrunum.




Smelltu hér til að hlusta á þáttinn



Kjarnaofninn er liður í kosninga-umfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast hér í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.

Þróun kjörsóknar í sveitarstjórnarkosningum síðan 1962


Kosningabátttaka minnkað undanfarin ár. Hefur hér verið hvað mest í Evrópu.



Kjörsókn aldrei lakari

Besta og versta kjörsókn 2014

Kjörsókn var mismunandi um allt land þó hún hafi heilt yfir verið dræm.




Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningunum á laugardaginn var sú versta á landsvísu síðan 1962, eða þegar Hagstofa Íslands hóf að skrá kosningabátttöku. Aðeins 62,7 prósent kosningabærra Íslendinga greiddu atkvæði í kosningunum. Til samanburðar var kjörsókn árið 2010 73,4 prósent sem þótti heldur dræm kjörsókn.

Kjarninn birti nokkrar kosningaspár í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna. Þar má sjá misræmi á milli þess fylgis sem framboðin mældust með þar og fjölda atkvæða sem þau fengu á kjördag. Mismuninn má mögulega skýra með dræmri kosningabátttöku. Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við HÍ, fylgdist með talningu atkvæða á kosninganótt á RÚV. Þar velti hann fyrir sér aldurssamsetningu kjósenda og hvort hún skýri fylgistap Pírata og Bjartrar framtíðar annars vegar og fylgisaukning Framsóknar og flugvallarvina og Sjálfstæðisflokks hins vegar. Þetta verður hægt að sannreyna á næstunni, því í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningunum var aldur kjósenda skráður í fyrsta sinn. **BPH**


Úrslit í Reykjavík 15 kjörnir

Samfylkingin stærst þrátt fyrir hægrisveiflu frá könnunum




Úrslit í Kópavogi 11 kjörnir

Ármann Kr. Ólafsson í bilstjórásætinu fyrir Sjálfstæðisflokkinn í bænum




Úrslit í Hafnarfirði 11 kjörnir

Björt framtíð í oddastöðu




Úrslit í Akureyri 11 kjörnir

Fylgi L-listans dreifist víða



Úrslit í Reykjavísbæ 11 kjörnir

Meirihluti Sjálfstæðisflokks fallinn



kjarninn 5. júní 2014

Tíu verkefni valin áfram

Um helgina var tilkynnt hvaða verkefni komust áfram í Startup Reykjavík



Tilkynnt var um verkefni tíu sem fara áfram í Startup Reykjavík viðskiptahraðalnum á ráðstefnunni Startup Iceland um helgina. Verkefni sem komust áfram, og fá tvær milljónir króna, aðstöðu og aðgang að sérfræðingum, eru Suit me, Spread Things, Mure VR, BSF Production, Inspiral.ly, Verificy, EcoMals, Levo HCI og Mulier. Í lok hraðalsins verða verkefni kynnt fyrir fjárfestum.

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um Start Up Reykjavík verkefnið, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



HLAÐVARP KJARNANS

Á hliðarlínunni

með Adolfi Inga

**Messi, Ronaldo,
Suarez og Adolf Ingi**

Sérfræðingar mæta á hliðarlínuna
til Dolla og fara yfir riðlana á HM,
bestu leikmenn, leikskipulag og
skemmtilegar staðreyndir

Smelltu hér til
að sjá nánar



Dagskráin

2. júní A -riðill með **Illuga Jökulssyni og Magnúsi Halldórssyni**
3. júní B -riðill með **Willum Þór Þórssyni og Þórði Snæ Júlíussyni**
4. júní C -riðill með **Víði Sigurðssyni og Einari Erni Jónssyni**
5. júní D -riðill með **Hallberu Gísladóttur og Jóhannesi Karli Guðjónssyni**
6. júní E -riðill með **Guðmundi Hilmarssyni og Stefáni Pálssyni**
9. júní F -riðill með **Kjartani Magnússyni og Kristjáni Guðmundssyni**
10. júní G -riðill með **Atla Eðvaldssyni og Margréti Láru Viðarsdóttur**
11. júní H -riðill með **Rúnari Kristinssyni og Margréti Marteinsdóttur**
12. júní samantekt með **Helenu Ólafsdóttur og Heimi Hallgrímssyni**





SJÖ SPURNINGAR

Hrafn Jökulsson

rithöfundur og skákfrömuður

Dóttirin endalaus uppspretta gleði

Hvað gleður þig mest þessa dagana?

Hún dóttir mín, sem telur niður dagana að fimm ára afmælinu, er endalaus uppspretta gleði. Öll börn eru snillingar, og rannsóknar-efni hvernig snilldin rjátlast af okkur flestum með aldrinum.

Hvert er þitt helsta áhugamál?

Pau eru sitt af hverju tagi: Skák og skáldskapur, sögur og sagnfræði, fréttir og fjölmiðlar, Grænland og garðyrkja. Svo fylgist ég með pólitík með öðru auganu.

Hvaða bók lastu síðast?

Nú er ég að lesa „Young Stalin“ eftir Simon Sebag Montefiore, breskan sagnfræðing og jafnaldra minn. Þetta er saga um dreng sem ætlaði að verða prestur og skáld, en endaði sem einræðisherra og fjöldamorðingi.

Til hvaða ráðherra berðu mest traust?

Við eigum nokkra ágæta og vel meinandi ráðherra. Kristján Þór Júlíusson er alltaf yfirvegaður í sínum störfum og málflutningi.

Ef þú ættir að fara til útlanda á morgun og mættir velja land, hvert myndir þú vilja fara?

Grænland stendur hjarta mínu næst, og ég hef komið þangað ótal sinnum. Mig dauðlangar til Thule, sem er á 80° breiddargráðu, en þangað hefur skákbyltingin ekki náð enn. En svo ég nefni annað land, þá hef ég aldrei komið til Færeyja en vil bæta úr því. Svo væri gaman að kynna mannlífinu á Hjaltlandseyjum og Orkneyjum.

Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Ég. Þegar ég stend mig ekki í stykkinu.

kjarninn 5. júní 2014

 Twitter**UNA SIGHVATSÐÓTTIR** @unasighvats

Held svei mér að ég fari að sofa þótt lokatölur vanti, en #kosningatómas verður í draumum mínum. #kosningar #kosningar 2014

sunnudagur 1. júní 2014

**KATRÍN ATLAÐÓTTIR** @katrinat

okkur er vísað á textavarpíð meðan eitthvað fólk handtelur handmerktu atkvæðin okkar, hvaða ár er aftur? #kosningar

sunnudagur 1. júní 2014

**KONRÁÐ PÁLMASSON** @KonniPalma

Var ekki hægt að hafa nætursöfnun fyrir Píratanana? Þá hefðu þeir kannski ekki hakkað Ruv-vefinn #kosningar

laugardagur 31. maí 2014

**GÍSLI MARTEINN** @gislimarteinn

Það hefur ekki verið svona mikið kaos í Ráðhúsinu síðan við vorum að mynda og slíta meirihlutum þar í öðrum hverjum mánuði.

laugardagur 31. maí 2014

**JÓHANNES ÞÓR** @johannesthor

Elska bæði júrövisjón og #talningartómas -frábært sjónvarp! #LEAVETOMASALONE

sunnudagur 1. júní 2014

**PORBJÖRG HELGA** @thorbjorghelga

Fjarðarbyggð. Þrjú jakkaföt. Ferskt. #kosningar

laugardagur 31. maí 2014

BAKHHERBERGIÐ**Xenofóbísk öfl leituðu í Framsókn**

Margrét Tryggvadóttir var í viðtali í Kjarnanum í desember í fyrra. Þar sagði hún að ýmis öfl, meðal annars xenofóbísk öfl, örökrétt hræðsla við útlendinga, hefðu leitað inn í Hreyfinguna á sínum tíma. Þingmenn flokksins hefðu verið meðvitaðir um þetta og ætlað sér að berja slíkt niður.

Í viðtalinu sagði hún: „Mér finnst þessi orðræða hafa fundið sér ákveðna fótfestu í Framsóknarflokknum núna.“ Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, fór fram á að Margrét bæðist afsökunar á þessum ummælum og „leiðrétti“ þau.

„Krossbrjáladaður“ aðstoðarmaður

Í Facebook-færslu sagði Jóhannes Þór vera „algerlega krossbrjáladaður yfir því að Margrét Tryggvadóttir skuli leyfa sér að ljúga því blákalt upp á mig og samstarfsfólk mitt í Framsókn að við séum gróðrastlíka útlendingahatur ... Reynsla mín af framsóknarfólki, bæði í grasrót og forystu, er heilt yfir sú að þar fari frjálslynt fólk sem ber virðingu fyrir öðru fólk sama hvaðan í veröldinni það er upprunnið“. Það er spurning um hvort, og þá hvernig, ummæli og áherslur oddvita Framsóknarflokksins í Reykjavík passa við þessa skýringu hans á frjálslyndum flokksmönnum.

kjarninn 5. júní 2014





Andspyrnunnar minnst

Í gær fór fram minningarathöfn á Torgi hins himneska friðar í Peking, en þá voru liðin 25 ár frá því að kínversk stjórnvöld beittu hervaldi gegn stúdentum á torginu, þann 4. júní 1989. Margir týndu lífi sínu þann dag, en fjallað var um atburðinn og aðdraganda hans í síðustu tveimur útgáfum Kjarnans.

Mynd: AFP





Spiluðu fyrir auðinn

Bresku aðgerðasinnarnir í Oxfam settu upp kunnuglegar grímur fyrir ráðstefnu G7-ríkjanna í Brussel, sem hófst í gær. Rússar taka ekki þátt í ár vegna ástandsins í Úkraínu, en fengu þeir fengu engu að síður að vera með í strengjasveiti Oxfam sem lék tónlist undir stjórn peninga.

Mynd: AFP





Táragas í tilefni dagsins

Lögreglan í Ístanbul í Tyrklandi beitti táragasi á laugardaginn til að dreifa mótmælendum á Taksím-torgi, sem höfðu komið saman í tilefni þess að ár var liðið frá upphafi mótmælanna þar í landi. Barátta fólks fyrir því að bjarga Gezi-garðinum frá niðurrifi hefur orðið að risastórum og langvarandi mótmælum.

Mynd: AFP





Skotið á landamæraverði

Uppreisnarmenn í Úkraínu skjóta hér á landamærastöð stjórnsvalda í Lugans, í austurhluta landsins á mánudag. Fimm féllu fyrir hendi Úkraínuhers þegar 500 byssumenn uppreisnarliðsins gerðu áhlaup á landamærastöðina. Sjö hermenn særðust.

Mynd: AFP





Herstjórn til framtíðar?

Þetta egypska barn fagnaði ásamt foreldrum sínum á Tahir-torgi í Kaíró á þriðjudag þegar ljóst varð að herforinginn fyrrverandi Abel Fattah al-Sisi hefði unnið forsetakosningarnar þar í landi með 96,9 prósent greiddra atkvæða. Al-Sisi segist vilja vinna að stöðugleika, frelsi og félagslegu réttlæti í Egyptalandi.

Mynd: AFP





SPES Karlmaður sem ofbauð hraðakstur í hverfinu sínu setti upp skilti sem vakti athygli

Þeir skotnir sem valda slysum með hraðakstri

Craig Rovere, íbúi í New Jersey, setti á dögunum upp skilti í hverfinu sínu til að draga úr hraðakstri, en margir íbúar í hverfinu hafa ítrekað kvartað til lögreglu vegna hraðaksturs á svæðinu.

Rovere setti upp skilti við fjölfarna götu, þar sem hraðakstur hefur verið vandamál, sem á stendur: „Ef þú keyrir á barn hérna af því að þú keyrir of hratt munt þú ekki þurfa á lögmanni að halda,“ en fyrir neðan textann var mynd af skammbýssu til að leggja frekari áherslu á skilaboðin.

Rovere ákvað að láta til sín taka eftir að ökumaður sem keyrði of hratt, ók niður skilti þar sem ökumenn voru varaðir við börnum að leik á svæðinu. Það var kornið sem fyllti mælinn hjá Rovere.

Athæfið hefur vakið athygli fjölmiðla vestan hafs. Aðspurður sagðist Rovere einungis hafa sett skiltið upp til að hræða ökumenn frá því að stíga of fast á bensín-gjöfina. Hann hyggist ekki skjóta neinn.

Rovere er sannfærður um að skiltið hafi sannað ágæti sitt og hefur tekið það niður. Hann útilokar hins vegar ekki að setja það upp aftur ef nauðsyn þyki til.

Hugarfarsbreyting í fíkniefnamálum

Valgerður Jónsdóttir skrifar um að breyta þurfi viðhorfi í garð þeirra sem glíma við fíkniefnavanda.

Tilfinningarök og frjálsleg notkun hugtaka án skýrra skilgreininga á merkingu þeirra eru stór hluti íslenskrar umræðuhefðar. Sérstaklega hvað varðar félagsleg vandamál á borð við fíkniefnavandann.

Á skjánum birtast myndir og við fáum fréttir þess efnis að fíkniefnavandinn sé stjórnlaus og að stefnan sem er við lýði virki augljóslega ekki. Þá fara heyrast kröfur um að afnema bannstefnu í fíkniefnamálum og einhvern veginn látið í veðri vaka að sé við stefnuna sjálfa að sakast. Það mætti líklegast heimfæra röksemdafærsluna „ef fólk gerir þetta hvort sem er virka lögin ekki“ upp á margt annað. Hvað með að spenna ekki bílbelti eða ganga yfir á rauðum kalli á umferðaljósum?



Afglæpun, lögleiðing og pennastrik

Mikið fer fyrir að ekki sé gerður munur á afglæpun og lögleiðingu þegar umræðan fer inn á þessa braut. Í sem skemmstu máli felur afglæpun í sér að einkaneysla fólks sé ekki ólögleg en að sala og dreifing efna sé enn ólögleg. Lögleiðing felur hins vegar í sér að ríkið taki yfir kaup og sölu á eiturlyfjum. Þessu er iðulega blandað saman í umræðunni hér. Það fer ekki heldur mikið fyrir umfangi þess að breyta stefnu í fíkniefnamálum heldur er þetta látið hljóma eins og um eitt pennastrik í lagabálknum sé að ræða.

Hugmyndafræði samfélags

Í Portúgal hefur afglæpun eiturlyfja gengið hvað lengst. Öll eiturlyf hafa verið afglæpavædd og þar með er einkaneysla á öllum eiturlyfjum leyfileg. Þetta er þó ýmsum annmörkum háð, þar sem markmið stefnunnar er skaðaminnkun. Það

„Í Portúgal hefur afglæpun eiturlyfja gengið hvað lengst. Öll eiturlyf hafa verið afglæpavædd og þar með er einkaneysla á öllum eiturlyfjum leyfileg.“

er að segja, þetta byggir á mannúðarsjónarmiðum en ekki frelsi einstaklingsins til að fá sér eiturlyf þegar hann lystir. Í Portúgal ríkti ófremdarástand og var faraldur í heróínneyslu sem dró fólk til dauða auk þess sem smitum HIV fjölgaði gífurlega. Það tók yfirvöld tíu ár að þróa stefnu til þess að takast á við þennan vanda. Mannúðarsjónarmið og skaðaminnkandi nálgun eru leiðarstef afglæpunarinnar. Öflugt velferðarkerfi hefur verið byggt upp og öryggisnet fyrir einstaklinga sem á hjálp þurfa að halda. Áherslan er einnig á að fólk fari í

meðferð, komist í viðeigandi úrræði að meðferð lokinni eða að fólk haldi neyslu sinni áfram en fái aðstoð við að halda skaða hennar í lágmarki. Hugmyndin er endurhæfing til að gera fólk kleift að taka þátt í samfélaginu.

Vandinn á Íslandi

Hér er tölum fleygt fram um að svo og svo margir neyti eiturlyfja og að þetta gangi ekki og það þurfi að breyta

stefnunni. Það sem gleymist hins vegar er að verst staddi hópurinn á Íslandi hlýtur enga aðstoð með því að eiturfjajneysla verði afglæpavædd. Eins og fjallað hefur verið um undanfarið er hér stór hópur einstaklinga sem glímur við sprautufíkn og geðræn vandamál. Neikvætt viðhorf er ríkjandi í garð fólks með fíknivanda. Einstaklingar í þessum hópi geta engin úrræði fengið nema verða edrú í vissan tíma fyrst og ef það gengur ekki búa þeir á götunni. Ofan á allt saman hafa tölur SÁÁ sýnt að það eru helst lyfseðilsskyld lyf sem verið er að misnota innan þessa verst stadda hóps. Þessar staðreyndir eru ekki kveikjan að umræðu um afglæpun og að stefnan virki ekki hér á landi. Hér fór umræðan almennilega í gang eftir að Kristján Þór Júlíusson lét þau ummæli falla á fundi með Heimdalli að hann væri opin fyrir endurskoðun á fíkniefnastefnu Íslands. Heimdallur er frjálshyggjuafli og því virðist uppsprettan vera frelsi einstaklinga til að gera það sem þá langar til án afskipta yfirvalda.

Hvað þarf?

Hér þarf fleiri skaðaminnkandi úrræði, hér þarf hugarfarsbreytingu og hér þarf búsetuúrræði fyrir þann hóp sem verst er staddur. Hér þarf á að halda að fólk með tvígreiningar, þ.e fíknivanda og geðsjúkdóm, búi ekki á götunni eða sé fast inni á geðdeildum. Hér þarf að takast á við þann vanda að fólk misnoti lyfseðilsskyld lyf og selji þau á svörtum markaði. Hér þarf endurhæfingu fyrir einstaklinga með fíknivanda til að geta orðið virkir í samfélaginu. Leysum þessi alvarlegu vandamál og lögum til í velferðarkerfinu áður en við komum til móts við einstaklinga sem vilja geta tekið eiturfjaj án afskipta yfirvalda.

Á meðan umræðan er á þá leið að fólk með fíknivanda sé dópistar eða aumingjar sem búi í dópgrenum, þá erum við ekki komin á stað afglæpunarstefnunnar sem samfélag. Fyrst og fremst þarf að breyta viðhorfi í garð einstaklinga sem glíma við fíknivanda. Mannúðarsjónarmiðin í forgang og svo getum við talað saman.

Ég er karl frekar en framsóknarkona

Auður Jónsdóttir rithöfundur fjallar um útlendinga og Íslendinga, pólitík og kosningar.

Mig langar í blómahjólið, sagði þriggja ára sonur minn í hjólabúð þar sem við mæðginin vorum stödd fyrir nokkrum dögum.

Nei, viltu ekki frekar bláa hjólið með fiskunum? spurði ég í skringilega skipandi tón.

Nei, bara blómahjólið, sagði hann einlægur og benti á ljósfjólublátt hjól, skreytt rauðum blómum.

En sjáðu hvað bláa hjólið er flott, vældi ég. Það er Bubba-Bbyggis-bjalla á því!

Mig langar í blómahjólið, ítrekaði hann og greip utan um stýrið á því, líkt og hann ætlaði að hlekkja sig fastan við það. Mér var hætt að standa á sama, fyrr í vikunni hafði ég ætlað að kaupa bláa gúmmískó á hann en endað á því að leiða hann hamingjusaman út í pastelgrænum gúmmískóm með skærbleikum röndum á hliðunum. Sko ... byrjaði ég en þaggaði niður í sjálfri mér í tæka tíð. Það hefði lítið upp á sig að segja þriggja ára barni frá því að ég hefði lesið frétt um lítinn strák í útlöndum sem safnaði rauðum og ljósfjólubláum

dótahestum, markaðssettum handa stelpum, en hafði orðið fyrir svo mikilli stríðni fyrir vikið að hann framdi sjálfsmorð.

Takk, David Bowie

Fréttin hafði gert mig svo hrædda að ég hafði staðið sjálfa mig að því að hugsa: Skítt með það að stelpur eigi að leika sér með strákadót og strákar með stelpudót! Sonur minn á ekki að þurfa að upplifa neitt í líkingu við það sem þessi vesalings drengur gerði.

Þetta átti ekki bara við um dótið. Fyrr en varði hætti ég að nota bleiku sokkana og ljósfjólubláu peysurnar sem Hjalla-stefnumóðirin, systir mín, hafði gefið honum frá dóttur sinni (dökkfjólubláu peysurnar héldust þó í notkun). Á þessum tímamarki var ég komin nokkuð langt frá frjálslyndu, óléttu mömmunni sem ætlaði að klæða soninn sem oftast í bleikt og

„Þar gerði hann
garðinn frægan,
ásamt Iggy Pop ...“

helst aldrei í blátt. Mömmunni sem ætlaði líka að fá hann til að leika með dúkkur til að örva sköpunargleðina og um leið forða honum frá sundskýlum og drykkjarmálum skreyttum forljótum myndum af brosandí kappakstursbílum (ég skildi hreinlega ekki fólk sem keypti annan eins óskapnað handa börnum).

Skyndilega rifjaðist þetta upp fyrir mér þar sem ég stóð og horfðist í augu við þrjóska son minn. Í sömu andrá mundi ég líka að á þessum stað, á þessari stundu, var ég aðeins örfáum skrefum frá gamla sögufræga heimilinu hans David Bowie, þarna sömu megin götunnar á Hauptstrasse. Þar gerði hann garðinn frægan, ásamt Iggy Pop, þegar ég var á aldur við son minn og þótti hafa svo heppileg áhrif á borgina, sem og hún á hann, að í síðustu viku var opnuð veigamikil sýning um ástríðuþrungið samband David Bowie og Berlínar. Ég horfði á son minn og sá David Bowie; ég glotti skelmislega og mundi að sjálfri hefði mér alltaf þótt kvenlegir karlmenn og karlmannlegar konur þokkafull með eindæmum. Í rauninni eru allir karlar að einhverju leyti konur og allar konur að einhverju leyti karlar.

Varhugaverð umhverfisáhrif

Við nánari umhugsun hafði frjálssynda mamman byrjað að forpökast strax upp úr fæðingu sonarins. Í einni af fyrstu vagnferðunum hafði vinkona hrósað mér fyrir að breiða bleikt teppi yfir strák. Hrósið hafði öfug áhrif, systir mín hafði lánað mér teppið og ég breitt það umhugsunarlaust yfir barnið, en þetta varð til þess að ég fór að velta fyrir mér hvort það væri sjálfhverft af mér að taka ekki meira tillit til meintra almennra þarfa drengja í þessu tilliti. Eins var mér brugðið þegar leikskólakennari spurði af hverju ég hefði keypt stelpurenggalla á hann. Þetta er ekki stelpugalli, másaði ég stressuð og benti á að renggallinn væri rauður. Þá brosti leikskólakennarinn og sagði: Já, en þessir gallar eru bara til í rauðu og bláu.

Í ljósi fjölda keimlíkra atvika er kannski ekkert skrítið að fréttin af drengnum ógæfusama hafi skotið mér skelk í bringu. Nú er svo komið að sonur minn á nánast bara

dótabíla og flestir þeirra eru brunabílar, þó að einn og einn lögreglubíll hafi fengið að slæðast með. Hann er svo eldheitur í brunabílaleikjunum að hann gegnir helst nafninu Sam (Sammi brunavörður) og kallar mömmu

„Oddviti Framsóknar ber blak af skoðunum sínum“

sína oftast nær Elvis (starfsfélagi Samma þessa). Reyndar á hann líka járnbrautarlest, dótadýr og Legókubba. Jú, og ljósfjólublátt hjól með rauðum blómum sem hann valdi sér sjálfur og mamma hans lét eftir honum að kaupa, þökk sé David Bowie.

Sonur minn skrönglast um Berlín þvera og endilega á meintu stelpuhjóli með hjálpadekkjum og pastelgrænir skór með skærbleikum sólum hamast á pedulunum. Þetta er hans smekkur og meira er ekki um það að segja. Ef hann kýs frekar að drekka úr glasi með forljótum brosandi bíl en til dæmis norrænni gæðahönnun á borð við Múmínálfabolla, þá má hann það líka. Honum er frjálst að skreyta sig með öllum heimsins litum. Þetta er jú eftir allt saman hans líf. Og sannleikurinn einfaldlega sá að stundum geta mömmur verið ósköp vitlausar ... og smekklusar.

Órökréttur ótti framsóknarmanna

En já, þá að niðurlagi þessa pistils og raunar sjálfu innihaldinu (bið lesandann að afsaka langan inngang). Já, nokkur orð um órökréttan ótta. Það var órökréttur ótti sem stýrði því að ég gleymdi öllu því sem ég trúí á og vil standa fyrir, bæði sem mann-skja og móðir. Ég stóð ekki nógu styrkum fótum þegar ég las illa þýdda frétt á íslenskum vefmiðli um eitt af öllum þessum börnum sem deyja daglega í heiminum af ólíkum ástæðum. Ein af öllum þessum hraðsoðnu fréttum sem engin fréttaskýring fylgir. Frétt, sem gæti þess vegna verið tilbúningur, varð til þess að ég varð svo hrædd um barnið mitt að ég gaf skít í hag barna almennt.

Þessi frétt og téðar afleiðingar hennar hafa þó fengið mig til að skilja konurnar í Framsókn betur. Ég held að þær séu, þannig lagað, velviljaðar manneskjur og góðar mömmur, frænkur og vinkonur. En ég held að þær eigi það sameiginlegt að hafa á viðkvæmum tím punkti lesið eina af þessum illa skrifuðu fréttum um margslungin, flókin átök fólks hér og þar úti í hinum stóra heimi; eina af óteljandi samhengislausu fréttum sem við innbyrðum daglega, nánast án þess að taka eftir því. Nema að af einni eða annarri ástæðu tóku þær nógu vel eftir þessari tilteknu frétt þann daginn til að óttast svo um börnin sín að þær urðu reiðubúnar að kynda undir fordæmingu á öðrum börnum. Í fljótu bragði, og oftast en ekki ómeðvitað, virðist eina leiðin til að takast á við óttann sú að finna tákngerving fyrir allar hugsanlegar hættur. Í augum þeirra varð það Músliminn með stóra M-inu. Eða kannski öllu heldur, ég veit það ekki, en kannski: Útlendingurinn.

Oddviti Framsóknar ber blak af skoðunum sínum með því að segjast hafa dvalið á meðal múslima, enda mynd af henni rauðnefjaðri með blæju nokkuð áberandi í kosningabaráttunni. Við þessa framsóknarkonu vil ég segja: Ég er femínisti sem hætti að þora að klæða soninn í rauð fót. Málið er að við manneskjurnar þurfum daglega að endurskoða eigin hugarheim, annars endar allt í tómrri vitleysu. Ég vil líka segja að ef þið framsóknarkonur teljið framgöngu ykkar til marks um að konur geti allt, þá er ég hér með hætt að vera kona. Ég er karl. Og sonur minn kallar mig Elvis.

Ættir þú að vera á sveppum?

Sumar sveppategundir eru taldar mögulega styrkja ónæmiskerfið og hafa verið rannsakaðar í tengslum við meðferðir alvarlegra sjúkdóma.

LÍFSSTÍLL

Anna Rósa grasalæknir
www.annarosa.is

Margar sveppategundir hafa alla tíð verið notaðar til matar, en ekki vita allir að sumir sveppir hafa líka verið notaðir til lækninga öldum saman. Mikil hefð er fyrir notkun sveppa til lækninga í Asíu en undanfarna áratugi hafa þeir einnig náð vinsældum á Vesturlöndum og eru núna vinsælt rannsóknarefni vísindamanna. Áður fyrr voru sveppir eingöngu tíndir villtir og voru sumir þeirra sjaldgæfir og ákaflega verðmætir. Í dag eru sveppir hins vegar ræktaðir í tugþúsunda tonna tali ár hvert bæði til manneldis og í fæðubótarefni. Í þessari grein verður fjallað

um þrjár tegundir sveppa sem hafa verið hvað vinsælastar undanfarin ár: reishi, shiitake og maitake. Allir eiga þeir það sameiginlegt að þykja styrkja ónæmiskerfið og hafa verið töluvert rannsakaðir í tengslum við krabbameinsmeðferðir.

„Í dag eru sveppir hins vegar ræktaðir í tugþúsunda tonna tali ár hvert bæði til manneldis og í fæðubótarefni.“

Reishi (*Ganoderma lucidum*)

Í Kína á öldum áður þótti reishi-sveppurinn auka langlífi, en hann var sjaldgæfur og því fengu eingöngu keisarinn og hirð hans að njóta hans. Í Japan er notkun reishi samhliða annarri krabbameinsmeðferð viðurkennd af japanska heilbrigðisráðuneytinu, en reishi-sveppurinn er talinn auka áhrif hefðbundinnar lyfjameðferðar við krabbameini og draga úr aukaverkunum hennar. Reishi er einnig talinn hafa jafnvægisstillandi áhrif á ónæmiskerfið og hefur verið notaður gegn sjálfsofnæmissjúkdómum eins og liðagigt, MS og lúpus og einnig lifrabólgu B og C, vefjagigt, HIV/AIDS og herpes vírus.

- styrkir og kemur jafnvægi á ónæmiskerfið
- langvarandi bronkítis, astmi og hósti
- styrkir hjarta- og æðakerfi
- hár blóðþrýstingur, hátt kólesteról
- styrkir og verndar lifur
- svefnleysi, stress, kvíði
- bakteríu-, sveppa- og vírusdrepanði
- hár blóðsykur
- krabbamein



Shiitake (*Lentinula edodes*)

Shiitake-sveppir fást bæði ferskir og þurrkaðir í matvöru-búðum hérlandis. Extrakt kallaður Lenantin sem unnið er úr shiitake-sveppum og gefið er í sprautuformi er viðurkennt lyf í Japan og er notað við krabbameini, HIV og lifrabólgu B og C. Extrakt kallað LEM er hins vegar algengt í töfluformi í Asíu og Bandaríkjum.

- hátt kólesteról
- styrkir og verndar lifur
- styrkir ónæmiskerfið
- kvef og bronktítis
- krabbamein



Maitake (*Grifola frondosa*)

Maitake-sveppurinn hefur þó nokkuð verið rannsakaður við krabbameini en aðallega þó í tilraunaglösum eða á dýrum. Í flestum tilfellum er verið að rannsaka einangrað efni í sveppnum sem kallast maitake-D-fraction.

- Styrkir og kemur jafnvægi á ónæmiskerfið
- Bakteríu-, sveppa- og vírusdrepanði
- Hátt kólesteról
- Hár blóðsykur
- krabbamein

Skammtar

Ýmsar tegundir af hylkjum og dufti unnu úr ofangreindum sveppum fást í heilsubúðum hérlandis. Reishi: 3-12 g af dufti á dag. 3x300 mg hylki (1:5) þrisvar á dag. Shiitake: 6-16 g af dufti á dag. 300 mg hylki þrisvar á dag. Maitake: 5-10 g af dufti á dag. 2x500 mg hylki tvisvar til þrisvar á dag.

Varúð

Þeir sem eru með ofnæmi gegn sveppum mega ekki taka ofangreinda sveppi. Í stórum skömmtum geta þessir sveppir valdið meltingartruflunum og niðurgangi. Hætta skal notkun reishi a.m.k. einni viku fyrir skurðaðgerð. Konum með miklar tíðablæðingar er ekki ráðlagt að taka stóra skammta af reishi.

HEIMILDIR

Botanical Safety Handbook. 2013. AHPA (American Herbal Products Association). 2. útg. CRC Press, Florida, USA.

Hobbs Christopher. 1995. Medicinal Mushrooms. Botanica Press, Tennessee, USA.

Rogers Robert. 2011. The Fungal Pharmacy. North Atlantic Books, California, USA.

Tillotson Alan Keith. 2001. The One Earth Herbal Sourcebook. Kensington Books, New York, USA.
Winston David og Kuhn.M. 2008. Herbal Therapy and Supplements. Lippincott Williams and Wilkins, PA, USA.



APPIG

Soffía Sigurgeirsdóttir
Framkvæmdastýra
UN Women á Íslandi



SPOTIFY



Ég hlusta mikið á tónlist og þetta er frábært app til að hlusta á uppáhalds-tónlistina, hjólandi, í ræktinni eða vinnunni.

INSTAGRAM



Frábær leið til að tjá sig um líf sitt í máli og myndum, filterarnir eru nauðsynlegir og skemmtilegir.

TINKER TAILOR

Ég get ekki beðið eftir að ná mér í nýja Tinker Tailor appið en þar verður hægt að klæðskerasníða hátískufatnað o.fl.

TÆKNI Pólskt nýsköpunarfyrirtæki ætlar að bylta því hvernig við sofum

Pólska nýsköpunarfyrirtækið Intelclinic sóttist nýverið eftir 100 þúsund bandaríkjadöllum í svokallað „crowdfunding“ hjá stærstu síðu heims í þeim geira, Kickstarter. Varan sem fyrirtækið sóttist eftir fjármagni til að framleiða, heillaði fjárfesta svo mikið að fyrirtækið fékk fjórfalt meira en það sóttist eftir. Í júlí munu fyrstu þrjú þúsund eintökin af NeurOn, fyrstu svefngrímunni fyrir margskiptan svefn, verða send til fjárfestanna. Í kjölfarið fer varan á almennan markað.

Með þessu á notandinn að geta minnkað svefn sinn í tvo til sex klukkutíma á sólarhring án þess að það hafi áhrif á ferskleika viðkomandi.

Þetta nýja svefnmynstur, sem samanstendur af nokkrum styttri blundum, á að gera það að verkum að notandinn geti vakað í 28 fleiri tíma á viku.

Intelclinic heldur því fram að söguleg stórmenni á borð við Da Vinci, Churchill, Jefferson, Franklin, Edison og Napoleon hafi allir sofið á þennan hátt.

NeurOn svefngríman á að geta gert notandanum kleift að skipta úr mónófasískum svefni yfir í polyfasískan.



Hin fullkomna blandspóla

All Tomorrow's Parties er haldin í annað sinn á Íslandi í sumar. Gríðarlegur fjöldi þekktra erlendra tónlistarmanna treður upp.

TÓNLIST

Benedikt Reynisson
@BenzonFantastik

Heilmikill uppgangur hefur verið í tónleika-
haldi hér á landi á síðustu tveimur árum og
hefur framboð á framsækinni tónlist í lifandi
flutningi aldrei verið meira en í ár. Nokkrar
stórar tónlistarhátíðir eru haldnar hér árlega
og eru tvær af þeim af erlendu bergi brotnar. Tónlistar-
hátíðin All Tomorrow's Parties er önnur þeirra og verður hún
haldin í annað skiptið á Íslandi í ár, nánar tiltekið á gamla
varnarsvæði NATO við Ásbrú á Reykjanesi.

All Tomorrow's Parties dregur nafn sitt af samnefndu lagi
hljómsveitarinnar The Velvet Underground og var hún haldin



**„Fyrir stuttu
var tilkynnt
um viðbætur á
tónlistaratriðum
og er óhætt að
segja að sam-
skiptamiðlar hafi
umturnast af
gleði þann dag.“**

í fyrsta skiptið á suðurströnd Englands árið 2000. Hátíðin hefur verið haldin á nokkrum stöðum, þ.m.t. á tveimur stöðum í Englandi, á vestur- og austurströnd Bandaríkjanna og í Ástralíu.

All Tomorrow's Parties hefur verið líkt við hina fullkomnu blandspólu af fyrrverandi forsprakka Sonic Youth, Thurston Moore. Hátíðin var stofnuð af tónleikahaldaranum og ástríðufulla tónlistarnirðinum Barry Hogan árið 1999. Upphaflegt markmið hátíðarinnar var að bjóða fólki sem filaði tónlist á jaðrinum valkost við aðrar og stærri hátíðir sem þá voru í boði í Evrópu. Hátíðin átti aldrei að verða stór, á henni átti að spila tónlistarfólk sem er með mikla ástríðu fyrir tónlist annarra og áttu gestir hátíðarinnar ávallt að geta verið í námunda við tónlistarfólkið sem á hátíðinni spilar. Öllum þessum einkennum hefur tekist að viðhalda í þau ár sem hátíðin hefur verið haldin.

Tónleikadagskráin á All Tomorrow's Parties á Íslandi verður með allra glæsilegasta móti í ár og verður hátíðin haldin dagana 10.-12. júlí á Ásbrú eins og getið er hér að ofan. Sérstök upphitun fyrir hátíðina er ekki af verri endanum þar sem einn áhrifamesti tónlistarmaður 20. aldarinnar, Neil Young, mun troða upp í Laugardalshöll ásamt hljómsveit sinni Crazy Horse mánudaginn 7. júlí.

Á sjálfri hátíðinni hafa verið staðfest þrjátíu og eitt tónlistaratriði. Af þeim eru átján erlend og hafa sum þeirra spilað áður á Íslandi en flest þeirra ekki. Fyrir stuttu var tilkynnt um viðbætur á tónlistaratriðum og er óhætt að segja að samskiptamiðlar hafi umturnast af gleði þann dag. Hér að neðan er stiklað léttilega yfir þá erlendu flytjendur sem koma fram í ár.



**Smelltu til að hlýða á laga-
lista með lögum erlendu
flytjendanna**



Mogwai

Skosku síðrokkararnir í Mogwai hafa verið að í tæpa tvo áratugi og hafa þeir sent frá sér samtals átta breiðskífur. Fyrsta breiðskífa þeirra, *Young Team*, og safnskífan *Ten Rapid Ollu* miklum straumhvörfum þegar þær komu út árið 1997. Tónlist Mogwai er í grunninn hæg-fara samsuða af draumkenndri nýbylgju, naumhyggjulegu síðpönki og hnausþykku þungarokki. Lög þeirra eru oftast ekki án söngs en í gegnum tíðina hafa þeir þó notið aðstoðar söngvara á borð við Iggy Pop, Gruff Rhys úr *Super Furry Animals* og Aidan Moffat úr *Arab Strab*.

Swans

Swans eru ólíkindatól og stórmerkileg sveit. Sveitina stofnaði söngvarinn og aðaldrifffjöldurinn Michael Gira fyrir rúmum þremur áratugum í New York. Hljómsveitin var hluti hinnar svokölluðu no wave senu sem getið hefur af sér Sonic Youth og tónskáldin Glenn Branca og Arto Lindsay. Fyrstu útgáfur sveitarinnar voru ómstríðar og ögrandi og þykja jafnvel enn. Eitt af markmiðum sveitarinnar í byrjun var að meiða fólk með tónlistinni og voru tónleikar hennar með þeim hávæðari sem tíðkuðust. Swans hefur starfað í tveimur hollum og rann það fyrra sitt skeið árið 1997. Árið 2010 sneri Swans aftur, hefur aldrei verið betri og er nýjasta breiðskífan *To Be Kind* hreint afbragð.



Shellac

Shellac er naumhyggjulegt rokktíró sem hefur starfað hægt en örugglega frá árinu 1992 og eru meðlimir þess upptökustjórnir Steve Albini og Bob Weston og trymbillinn Todd Trainer. Hljómsveitin hefur gefið út fjórar breiðskífur og þó nokkuð af smáskífum á sínum ferli. Allir hafa þeir verið virkir í neðanjarðarsenu Bandaríkjanna síðan á níunda áratugnum og hafa ávallt lagt mikið kapp á að starfa ekki samkvæmt leikreglum tónlistarbransans.





Kurt Vile

Kurt Vile hefur notið mikillar hylli fyrir síðustu tvær breiðskífur sínar, *Smoke Ring for My Halo* og *Wakin on a Pretty Daze*. Kurt er tónlistarmaður, lagahöfundur og upptöku-stjóri frá Philadelphia og hefur verið að fást við tónlist af einhverri alvöru frá árinu 2003. Þó svo að síðustu tvær breiðskífur hans hafi náð eyrum fjöldans eru fyrri verk hans hreint afbragð og þá sérstaklega *Childish Prodigy* frá árinu 2009 og *Constant Hitmaker* frá árinu 2008. Tónlist Kurts er glettilega tímalaus sver sig í ætt við tónlistarmenn á borð við Tom Petty, John

Fahey, Lou Reed, Pavement o.s.frv. Til gamans má geta þess að hann og vinur hans Adam Granduciel stofnuðu hljómsveitina *The War on Drugs* sem spilar á Iceland Airwaves í ár.

Loop

Loop er önnur endurkomu-hljómsveit af þremur sem koma fram á hátíðinni í ár. Loop var stofnuð um miðjan níunda áratuginn í suðurhluta London af Robert nokkrum Hampson. Fyrir tónsmíðar sínar sótti sveitin innblástur til sveita á borð við Can, The Stooges og Suicide svo einhver dæmi séu tekin. Robert heimsótti Ísland árið 2006 og hélt m.a. eftirminnilega tónleika í Klink & Bank undir listamannsnafninu Main.



Low

Low hefur áður sótt Ísland heim og spilaði sællar minninga ásamt Sigur Rós í Háskólabíói síðla árs 1999. Low er frá Duluth í Minnesota og er sveitin leidd af hjónunum Alan Sparhawk og Mimi Parker. Eitt af aðalsmerkjum Low er samhljóma söngur þeirra hjóna og hefur áreynslulaus tónlistar-flutningurinn oft yljað á nöprum síðkvöldum.



Portishead

Portishead er eitt af stærstu númerum hátíðarinnar í ár og er hún hljómsveitin sem hvað flestir landsmenn þekkja. Hljómsveitin reis hátt í árdaga trip hop-bylgjunnar í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar, sem gat einnig af sér tónlistarmennina Massive Attack, Morcheeba, Goldfrapp og Tricky. Portishead hefur þó ekki fest sig innan trip hop-stefnunnar og á þriðja breiðskífa hennar, Third, meira sameiginlegt með tilraunakenndari rokk-sveitum á borð við Silver Apples, Neu! og SUNN O))) en nokkurn tímann Tricky eða Massive Attack.



Slowdive

Margir bíða spenntir eftir tónleikum ensku hljómsveitarinnar Slowdive, sem lagði upp laupana árið 1995. Hljómsveitin var stofnuð í Reading í lok níunda áratugarins og reis hátt á sama tíma og hljómsveitirnar My Bloody Valentine, Swervedriver, Ride og Blur voru að ryðja sér til rúms. Slowdive gaf út þrjár afbragðsskífur áður en hún lagði upp laupana.

Fuck Buttons

Fuck Buttons er raftónlistartvíeyki frá Bristol í Englandi og sótti hún Ísland heim árið 2008 þar sem hún spilaði á Iceland Airwaves. Dúettinn skipa þeir Andrew Hung og

Benjamin John Power og eru tónleikar þeirra mikil veisla fyrir bæði augu og eyru. Tónlistarmiðillinn Pitchfork líkti tónlist þeirra við sólarupprás þar sem sólin springur þegar hún er komin hátt á loft. Breiðskífur þeirra þrjár eru allar hreint afbragð.





Liars

Liars er þríeyki sem stofnað var í Brooklyn um síðustu aldamót og hefur gengið í nokkrar manna-breytingar á ferlinum. Lengst af hafa þeir Angus Andrew, Aaron Hemphill og Julian Gross skipað sveitina. Hljómplötur Liars eru sjö talsins og eru engar tvær þeirra eins enda er sveitin mjög leitandi. Innblástur sinn hefur sveitin m.a. sótt í síðpönk, raftónlist og tilraunrokk frá mörgum skeiðum 20. aldarinnar.

Ben Frost

Ben Frost er Ástrali sem hefur verið búsettur á Íslandi í tæpan áratug. Hljómplötur hans eru þrjár og hafa þær allar fengið

afbragðsdóma. Tónlist Bens er framsækin og metnaðarfull raftónlist sem reynir á þólmörk hlustandans og hrífur hann með sér. Margir tónlistarmenn hafa hrifist af verkum Bens og hafa boðið honum til samstarfs og má þar nefna Brian Eno, Swans, Colin Stetson og Tim Hecker sem eru engir aukvisar í faginu.



Hebronix

Hebronix er einyrkjasveit Daniels nokkurs Blumberg sem áður fór fyrir hinni hreinræktuðu jaðar-rokksveit Yuck. Blumberg yfirgaf þá sveit eftir útgáfu fyrstu breiðskífu hennar og hefur alfarið einbeitt sér að Hebronix. Fyrsta breiðskífa Hebronix, sem heitir Unreal, var unnin með Neil Hegarty úr Royal Trux og minnir á margt það besta með hljómsveitum á borð við Built to Spill og The Flaming Lips.



The Haxan Cloak

The Haxan Cloak átti án efa eina af áhugaverðari breiðskífum síðasta árs. Maðurinn að baki The Haxan Cloak er hinn tæplega þrítugi Englendingur Bobby Krlic og er önnur breiðskífa hans, *Excavation*, ein myrkasta og drunga-legasta raftónlistarplata sem komið hefur út lengi. Hennar er einna best notið á göngu með góð heyrnar-tól í snjó í allra svartasta skammdeginu.



Interpol

Segja má sem svo að Interpol sé hin stóra hljóm-sveitin á All Tomorrow's Parties í ár og bíða margir íslenskir rokkunnendur eftir tónleikum hennar. Interpol kom fyrst fram á sjónarsviðið þegar hún sendi frá sér hina finu *Turn on the Bright Lights* árið 2002. Interpol þótti koma með ferska nálgun á gamlan efnivið og í kjölfar útgáfu frumburðar hennar hljómaði þriðja hver rokk-sveit eins og hún væri undir áhrifum frá Interpol.

Devendra Banhart

Devendra Banhart er tónlistarmaður sem er fæddur í Bandaríkjunum og var uppgötvaður af Michael Gira, forsprakka Swans og Angels of Light, um miðbik síðasta áratugar. Hann er uppalinn í Texas en á ættir að rekja til Venesúela. Framan af ferli sínum var hann leiðandi í tónlistarsenu sem kennd er við freak-folk og hefur getið af sér listamenn á borð við CocoRosie, Joanna Newsom, Vetiver og fleiri hljómsveitir. Breiðskífur hans *Niño Rojo*, *Cripple Crow*, *Mala* og *Rejoicing in the Hands* eru allar mjög áheyrilegar.



I Break Horses

Hin draumkennda og rafræna jaðarsveit I Break Horses hefur gefið út tvær breiðskífur fyrir Bella Union í Bretlandi og hefur hún m.a. hrifið meðlimi Sigur Rós upp úr skónum. Hljómsveitin er frá Stokkhólmi og ætti hljómur hennar að falla vel að eyrum aðdáenda M83, Cocteau Twins og My Bloody Valentine.

Pharmakon

Öfgafyllsta sveit hátíðarinnar er mjög líklega Pharmakon, sem er einyrkjaverkefni gjörningalistakonunnar Margaret Chardiet. Fyrsta breiðskífa hennar, Abandon, kom út í fyrra á hinu frábæra

merki Sacred Bones í New York og minnir um margt á það besta með óhljóðalistamönnum á borð við Throbbing Gristle, Merzbow, Prurient og Whitehouse.



Eaux

Eaux er yngsta erlenda atriðið á hátíðinni og er þríeyki frá London sem stofnað upp úr leifum hljómsveitarinnar Sian Alice Group. Hljómsveitin blandar smekklega saman áhrifum frá þjóðlagatónlist, frumteknói og kosmísku hljóðgervlapoppi. Hljómsveitin var stofnuð árið 2012 og hefur verið að troða upp með hljómsveitum á borð við

Django Django, Chromatics og Active Child svo einhverjar séu nefndar. Fyrsta breiðskífa hennar, Plastics, kemur út hjá ATP Recordings 9. júní næstkomandi.

Forest Swords

Forest Swords er sviðsnafn Liverpool-búans Matthew Barnes. Fyrsta alvöru útgáfa hans var hin kynngimagnaða þröngskífa Dagger Paths, sem eðalútgáfan No Pain In Pop gaf út árið 2010. Barnes er afar klár útsetjari og er tónlist hans eiturhvöss samsuða af dub-, raf- og tilraunatónlist. Fyrsta stóra plata hans leit dagsins ljós í fyrra og er hún frábær.





Hoppað á HM-vagninn

Allir stærstu auglýsendur í heimi vilja tengjast HM.
En hvaða auglýsingar komast í liðið og hverjar sitja á bekknum?

MARKAÐSMÁL

Ragnar Jónsson
Kári Sævarsson


Á

fjögurra ára fresti er haldin veisla fyrir unnendur knattspyrnu, Heimsmeistaramótið. Stórir auglýsendur nýta tækifærið og leggja mikið í dýrar auglýsingar til að tengjast mótinu og íþróttinni. Í raun fer fram hliðarheimsmeistarakeppni þar sem Nike keppir við Adidas, Budweiser við Heineken, Coke við Pepsi og Visa við MasterCard. Það er hörð samkeppni um að fá að vera með og gríðarlegum fjármunum varið í framleiðslu auglýsingaefnis. Við kíktum á nokkrar auglýsingar sem eru búnar til fyrir mótið sem hefst í næstu viku í Brasilíu. Hvaða auglýsingar komast í liðið og hvaða auglýsingar eru á bekknum?




Byrjunarliðið

Pegar kemur að íþróttaauglýsingum er Nike jafnan í fararbroddi. Stjórnuframherji sem kemst alltaf í byrjunarliðið. Í ár er engin breyting á því. Auglýsing Nike er rúmlega fjögurra mínútna löng og er komin með yfir 70 milljón áhorf á YouTube. Það segir sitt um áhrifamátt þessa öfluga vörumerkis. Nöfn eins og Ronaldo, Zlatan, Neymar og Pirlo eru í aðalhlutverki og ná þeir á skemmtilegan hátt að tengja skólalóðaknattleik við atvinnumannaspark. Ungir drengir bregða sér í hlutverkaleik og þykjast vera stjórnurnar. Útkoman er seiðmögnuð rússíbanareið. Sjón er sögu ríkari.



Ronaldo er ekki við eina fjölinna felldur í auglýsingaheimi, enda verðmætt vörumerki sjálfur. Hér leikur hann á móti öðrum frægum kappi í auglýsingu fyrir Emirates-flugfélagið. Þrátt fyrir að vera nett hallærisleg er útkoman hnyttin. Emirates slefar í byrjunarliðið. Örvættur kantmaður nýrisinn úr meiðslum, plantað á hægri kant.



Sjónvarpsstöðin ESPN kemur með eina fína. Hún tekur þetta út fyrir völlinn og fjallar um umræðuna sem myndast í kringum mótið. Punkturinn er þessi. Það verða bókstaflega allir að tala um HM í júní. Þannig er það bara. Sniðug nálgun og kemur ESPN rakleitt í byrjunarliðið. Öflugt akkeri á miðjunni.



Brasília er líklega þekktasta knattspyrnuþjóð í heimi. Í þessari auglýsingu frá Visa er vísað í úrslitaleiki sem Brasília hefur tapað á fyrri mótum og sigurvegara þeirra viðureigna. Gamlar kempur í aðalhlutverkum sem hafa merkilega mikinn sjarma. Tengingin milli vörunnar og knattspyrnunnar er fín og úr verður ágætis mynd. Þessi er traust í vörnina.

Varamannabekkurinn

Meðal helstu innihaldsefna í hinni klassísku HM-auglýsingu er háðramatísk tónlist með fiðlum, myndataka með hraðbreytingum og stórstjörnur. Stórstjörnur eru ekki bara inni á vellinum heldur hafa margir heimsfrægir leikstjórar spreytt sig á forminu. Hér sjáum við Platoon- og Wall Street-leikstjóran Oliver Stone í auglýsingu fyrir sjónvarpsstöðina DirecTV. Virðingarverð tilraun til að taka formið lengra, en lokaniðurstaðan er stíf og þvinguð.





Adidas er meðal aðalstyrktaraðila keppninnar og skaffar meðal annars boltann, sem verður hefðinni samkvæmt umdeildur. Leikmenn munu að öllum líkindum kvarta undan því að hann fljóti ekki rétt og að hann sé of léttur. Þetta skiptið er Adidas líka með gríðarstóra herferð í gangi sem heitir All in or Nothing, þar sem Messi er aðalstjarnan.

Auglýsingin er metnaðarfull og henni fylgja ótal styttri auglýsingar sem birtar verðar á YouTube í takt við framvindu keppninnar. Það var brasilíski leikstjórinn Fernando Meirelles sem leikstýrði auglýsingunni, en hann er helst frægur fyrir myndina Borg Guðs frá árinu 2002. Sjálfur Kanye West samdi lagið. Hér er gert út á kvíða stórstjörnunna fyrir mótið. Andstæðingar Messi birtast honum í martraðarkenndum draumi. Þessi nálgun er hvorki ný né hefur Meirelles tekist sérstakega vel upp með að vinna úr efniviðnum. Það er ekkert nýtt að gerast í myndatökunni, lagið frá Kanye er slappst og hlekkirnir í auglýsingunni vísa ekki á neitt skemmtilegt heldur fara með áhorfandann beint í vefverslun. Adidas kemst ekki í byrjunarliðið þrátt fyrir hafa mætt á allar æfingarnar og lagt mikið á sig.

Pegar fjármálastofnanir hafa ekkert að segja en eiga fullt af pening er líkingamálið og tölvubrellurnar aldrei langt undan. Takið sérstaklega eftir öllum skotunum af fólki að horfa. Þetta er nálgun sem við þekkjum úr óteljandi auglýsingum en hér er þemað tekið alla leið í auglýsingu fyrir Itaú, banka keppninnar. Þessi auglýsing kemur ekki af varamannabekknem nema einhver í byrjunarliðinu fótbrotni.




Takið fram vasaklútana. Hér kemur ein sem er með allt! Coke hefur lengi gert út á stemmninguna í kringum leikina frekar en það sem gerist inni á vellinum. Fyrirtækið hefur gert velheppnaðar auglýsingar um fagnið í mörgum löndum en í þessari er Coke í Argentínu og skoðar væntingarnar sem gerðar eru til landsliðsins. Girnilegt hlaðborð af klisjum en við getum ekki annað en geymt hana á bekknum.



Ef það ætti einhver að taka að sér þjálfun og pepp á þessu liði þá gæti það verið Banco de Chile. Þar flytja námuverkamenn sem dvöldu fastir í sjöfju daga í námu hvatningaróð til landsliðs Síle! Þetta er hádramatískt fyrir allan peninginn í Banco de Chile og meira til og ætti að rífa upp stemmninguna í liðinu.

Þrátt fyrir að ekki nái allar HM-auglýsingar sömu hæðum og Nike-auglýsingarnar þá eru velflestar auglýsingar sem við höfum séð í tengslum við HM yfir meðallagi, bæði í gæðum og skemmtanagildi. Það sannast hér enn og aftur að besta leiðin til að gera góðar auglýsingar er að fjalla um eitthvað sem er raunverulega skemmtilegt. Þetta heppast sérstaklega vel þegar þær eru teknar niður í augnhæð fólksins sem upplifir keppnina, eins og í tilfelli brasilíska rakarans og goðsagnanna hjá Visa eða hjá skólastrákunum hjá Nike.



:D

Konráð Jónsson segist sjaldan líða jafn illa og þegar hann reynir að vera hress.

Sumir hlutir fást ekki í Krónunni, þannig að ég fór yfir götuna í Bónus til að finna þá um daginn. Ég var svolítið pirraður af því að 45 mínútna Krónuferð var að baki og hún hafði gengið brösuglega af því að þeir voru nýbúnir að breyta uppsetningu verslunarinnar. Sólin var lágt á lofti þannig að ég sá ekkert út um bílrúðuna, það gekk illa að finna stæði og ég þurfti á klósettið (sæll, Þorgrímur Þráinsson). Ég þekki Bónusverslunina auðvitað ennþá minna en Krónuverslunina þannig að ég var heila eilífið að leita að því sem mig vantaði. Fann það auðvitað ekki, þannig að ég gerði mig tilbúinn til að fara út úr versluninni (og við vitum öll hvað það er auðvelt að fara út úr matvöruverslun án þess að kaupa neitt!). Þá stoppaði ég af því að ég sá að Francisca var að vinna.

Ahhh, Francisca. Við elskum hana öll; geðþekku verslunarkonuna sem hefur brætt hjörtu viðskiptavina Bónuss, kom fram í Áramótaskaupinu og fékk fullt af far-tölvum handa fjölskyldunni sinni í Sambíu fyrir góðvild sína. Ég verð að kaupa eitthvað, bara til að fá afgreiðslu hjá henni. Það er það sem ég þarf. Ég þarf brosið hennar og vinsamlegu kveðjuna til að bjarga þessari ömurlegu verslunarferð.

OHH! Ég vil ekki vera svona hress!

Ég greip það sem hendi var næst, sem vildi svo til að var pakki af skonsum, uppáhaldsmatnum mínum (ég er nautnaseggur, ég veit það!) og fór í röðina hennar, sem var langsamlega lengsta röðin í búðinni. Á undan mér voru tveir viðskiptavinir sem litu út fyrir að vera að reka veitingahús ef marka má það magn af vörum sem þeir voru að kaupa. Með því held ég að lágpunkti dagsins hafi verið náð því fljótlega buðu þeir mér

„Ég hef oftast en ekki lent í því að vera spurður að því hvort ég sé í fýlu þegar ég er nú bara nokkuð hress.“

að fara á undan þeim í röðina. Francisca var að klára að afgreiða eldri mann sem var lagður af stað úr versluninni. Hún tók eftir því að eldri maðurinn gleymdi blómvendi sem hann hafði keypt þannig að hún hljóp á eftir honum með blómvöndinn. Er það ekki draumur sérhvers manns að Francisca hlaupi á eftir manni skælbrosandi með blómvönd á lofti? Þarna uppfyllti hún englaímyndina fullkomlega. Svo afgreiddi hún mig með sitt

sólskinsbros, þakkaði mér kærlega fyrir viðskiptin, sagði að það hefði verið gaman að sjá mig og vonaðist til að sjá mig bráðlega aftur. Og auðvitað fór ég út í daginn, líðandi rosalega furðulega, því hluta af mér langaði til að vera pirraður áfram en hinn hlutinn var kominn í sólskinsskap.

Francisca gerði ekki mikið meira en að brosa vingjarnlega og gefa mér góða kveðju, en hún bjargaði deginum. Hún er með hæfileika sem ég bý ekki yfir, sem er að geta sýnt gleði án áreynslu. Ég hef oftast en ekki lent í því að vera spurður að því hvort ég sé í fýlu þegar ég er nú bara nokkuð hress. Ég er að hugsa um eitthvað skemmtilegt og held að ég sé brosandi. Þá lít ég í spegil og sé að ég er með skeifu! Tökum myndina fyrir ofan þennan pistil sem dæmi. Þarna er ég í Vínberinu, haldandi á risastórum sleikjó. Það er kannski ofsögum sagt að mér hafi liðið eins og ég væri skælbrosandi, en ég var þó bara nokkuð hress, hugsandi um bleik ský og smáhesta. Svo birtist þessi mynd af mér, og þá sé ég þennan stórglæsilega fýlusvip sem gæti drepíð lítið til meðalstórt skordýr. Þetta eru mín örlög.

Þingmálið er íslenska, lögmaður

Ég held reyndar að þessi náttúrulegi fýlusvipur minn gagnist mér töluvert í starfi mínu sem lögmaður, því ætlast er til þess að lögmenn séu alvarlegir og ekki er lítið á dómþing sem góðra vina fund. Ég gerði reyndar tilraun til að vera hress þegar ég kom inn í réttarsal einn daginn og dómariinn spurði mig hvort ég væri sá sem ég er. Ég brosti og svaraði „Jess!“ en dómariinn ávitaði mig fyrir að tala ensku, af því að dómþing

í íslenskum réttarsölum eiga að fara fram á íslensku. Síðan þá hef ég reynt að gera mitt besta til að vera alvarlegur í réttarsalnum og tala bara íslensku.

Þessi krafa sem er lögð á okkur um að vera hress er að mörgu leyti skiljanleg, því við viljum vita að það sé allt í góðu. Ég segi hins vegar fyrir mitt leyti að mér líður sjaldan jafnilla og þegar ég reyni að auka

ytri hressleika minn. Þá minnkar innri hressleiki minn að sama skapi. Ég á mjög erfitt með að hlæja meira en ég vil hlæja. Það að ég hlæ lítið er ekki merki um að mér þyki eitthvað ekki skemmtilegt eða fyndið. Sýslumaður þyrfti að halda svona leiðréttingarbók hressleika, þar sem hægt væri að þinglýsa upplýsingum um hvað fólk er mikið hressara eða fúlla en það litur út fyrir að vera. Ef hún væri til, þá myndi ég vilja láta þinglýsa því að ég er alltaf 20% hressari en ég lít út fyrir að vera. En þangað til verður bara að láta orðið berast. Ókei?

„Er það ekki draumur sérhvers manns að Francisca hlaupi á eftir manni skælbrosandi með blómvönd á lofti?“